



# **Fornleifaskráning**

vegna mats á umhverfisáhrifum  
vegna ferjuhafnar í Bakkafjöru



**Guðlaug Vilbogadóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir**

**Október 2007**

**2007/7**

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>Tilgangur fornleifaskráningar</b> .....	<b>2</b>
Fornleifaskráning og aðferðir .....	3
Jarðanúmer .....	4
Tegund, hlutverk og heiti .....	4
Lega.....	4
Staðhættir og lýsing .....	4
Hættumat.....	4
Heimildir .....	4
Heimildarmenn .....	4
Saga jarðanna og fornleifar .....	5
<b>Helstu minjaflokkar</b> .....	<b>5</b>
Minjar í túni .....	5
Minjar í eða við tún.....	5
Minjar utan túns .....	6
Við sjó/vötn.....	7
<b>Hólmi – 163870-115</b> .....	<b>9</b>
Fornleifaskráning .....	14
<b>Bakki – 163845-118</b> .....	<b>17</b>
Fornleifaskráning .....	21
<b>Tjarnir – 163813-70</b> .....	<b>28</b>
Fornleifaskráning .....	30
<b>Brúnir – 163751-71</b> .....	<b>33</b>
Fornleifaskráning .....	35
<b>Samantekt</b> .....	<b>38</b>
<b>Niðurlag</b> .....	<b>44</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>45</b>
<b>Fylgiskjöl</b> .....	<b>47</b>

## **Inngangur**

Að beiðni Kristínar Völu Matthíasdóttur, efnaverkfræðings hjá VSÓ Ráðgjöf, hefur Byggðasafn Árnesinga framkvæmt rannsókn á fornminjum vegna mats á umhverfisáhrifum ferjuhafnar í Bakkafjöru. Rannsakað var fyrirhugað hafnarsvæði, vegtenging frá Hringvegi 1 að Bakkafjöruhöfn (veglína C), valkostir A og B að Bakkafflugvelli og framkvæmdasvæði grjótnámu í Kattarhryggjum á Seljalandsheiði, skv. uppdrætti VSÓ dags. 29. ágúst 2007. Athugun á vettvangi fór fram dagana 25. og 29. september, 2., 3. og 9. október 2007. Þá voru veglínur gengnar og kannað hvort fornleifar eru innan 100 metra til beggja handa frá miðlínu vegar. Þær minjar sem fundust voru skráðar, þeim lýst, þær teiknaðar, teknar af þeim myndir og þær hnitsettar (sbr. Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000). Ef rústir fundust nokkuð nærri, en utan þess ramma sem tilgreindur er hér að ofan, voru þær einnig skráðar en skýrt verður tekið fram í skýrslu þessari hvaða minjar eru innan 100 metra frá veglínu. Það er gert með því að rita upplýsingar um fjarlægð frá veglínu með rauðu letri. Einnig var fyrirhugað hafnarsvæði kannað auk námasvæðisins sem ráðgert er á Seljalandsheiði. Sögur fjögurra jarða voru skráðar og 26 fornleifar hnitsettar.

Rannsóknina framkvæmdu fornleifafraeðingarnir Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir og lokafrágangur og skýrslugerð var einnig í þeirra höndum.

Skýrsluhöfundar þakka landeigendum góðfúslegt leyfi þeirra til að fara um landareignir þeirra og veittar upplýsingar. Sérstakar þakkir fær Símon Oddgeirsson, eigandi jarðanna Brúna og Tjarna.

## **Tilgangur fornleifaskráningar**

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifa-skráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

### **Fornleifaskráning og aðferðir**

Við upphaf skráningar eru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847.

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Á vettvangi voru hnit tekin á minjum með Trimble PRO XR GPS staðsetningartæki. Öll hnit voru tekin í landskerfinu ISN93. Loftmyndir í skýrslunni eru frá Loftmyndum ehf. birtar hér með leyfi Vegagerðarinnar. Úrvinnsla korta fór fram í Trimble GPS Pathfinder Office.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir:

### **Jarðanúmer**

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Bakki 163845, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 118 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar. Bæjarstæði Bakka væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Bakki – 163845-118-1. Í þessari skýrslu er það reyndar ekki skráð, þar sem það er langt utan veglínu. Því er fyrsta raðnúmer Bakka 163845-118-2, og á það einnig við um jarðirnar Brúnir og Tjarnir. Sé jörð með landsnúmer en ekki númeri í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyru við ritun jarðatalsins.

### **Tegund, hlutverk og heiti**

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Kristínarhóll, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

### **Lega**

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

### **Staðhættir og lýsing**

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

### **Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

### **Heimildir**

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

### **Heimildarmenn**

Heimildarmenn við skráningu voru Símon Oddgeirsson í Dalsseli, eigandi Brúna og Tjarna, Axel Þór Sveinbjörnsson, Hólmum, og Jón Einarsson, Bakka.

## Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

## Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróflega skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Hins vegar telst stærsti minjaflokkurinn útihús hvers konar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hvers kyns minjar þar er um að ræða þó engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða hver notkun húss kann að hafa verið.

## Minjar í túni

### *Bæjarstæði*

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurs konar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

*Kirkjur* voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á *alkirkjum*, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á *hálfkirkjum*, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á *fjórðungs-* og *þriðjungskirkjum* var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

*Bænhús* voru eins konar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

*Grafreitir* voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrmdir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

## Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

*Fjós:* Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

*Fjárhús:* Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa getur verið

mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

**Hrútakofar:** Smærri kofar oft yst í túni.

**Lambhús:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

**Hesthús:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

**Smiðjur:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

**Kofar:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar.

**Brunnar:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæ var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnar, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjust tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

**Myllur:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

**Kvíar:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkjia en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

## Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

**Kuml/haugur/dys/kumlateigar:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

**Réttir:** Réttir, aðhald eða annað gripheildi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhvers konar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt í dilka.

**Stekkir:** eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnar úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnar upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

**Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast ekki í næsta nágrenni.

**Sel:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

**Stöðull:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli, þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

**Beitarhús:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímamann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

**Smalakofar:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

**Heytóftir:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

**Fjárborgir:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurs konar réttir eða afdrep fyrir búfé.

**Garðlög:** Margs konar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

**Heyvinnsla:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnsléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

## Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðarstaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

**Sjóhús/verbúðir:** Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð.



Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

**Fiskbyrgi:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

**Hjallar:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

**Naust/hróf:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

**Uppsátur:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.

**Fiskgarðar:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

## Hólmar - 163870-115

### Saga

Hólmar tilheyrðu hinum gamla Austur-Landeyjahreppi og Krosssókn, en með sameiningu hreppa í Rangárvallasýslu árið 2002 tilheyrir hann nú sveitarfélaginu Rangárþing eystra.<sup>1</sup>

„Elsta heimild sem getur Hólma er máldagi kirkjunnar í Odda frá 1270. Sú kvöð hvíldi á jörðinni í kaþólskri tíð að þaðan skyldi árlega gjalda að Odda vætt matar.“<sup>2</sup> Árið 1523 fékk kirkjan á Breiðabólstað jörðina að gjöf, en árið 1912 seldi dóms- og kirkjumálaráðuneytið jörðina.<sup>3</sup> Árið 1712 átti kirkjan að Breiðabólstað í Fljótshlíð Hólma, sem þá var tvíbýli, ásamt hjáleigum hennar, Hólmahjáleigu eystri og vestari.<sup>4</sup> Þá lýsa þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín jörðinni þannig:

Jarðardýrleiki hefur haldinn verið xx [hdr.] og so er jörðin tíunduð til fátækra, einn eyrir. ... Landskuld af allri jörðunni [1½ hdr.] og so hefur hún verið það menn til muna, inntil fyrir 7 árum, þá á linað um [7½] alin. Betalaðist, so lengi ekki var á ljett, með xii fjórðungum smjör og mjöltunnu. Þó fyrir 9 árum, þegar presturinn Sr. Jón Torfason varð staðarhaldari, ljetti hann á smjörgjaldinu og var fyrir það í fiski goldið, var so um tvö hans fyrstu ár goldið í landskuld vi vættir fiska og mjöltunna; kvartaði þá ábúandi um sjer þætti þungt mjöltunnu að greiða fyrir maltunnu, sem til forna var áskilin, og var þá af slegið 15 fiskum; síðan hefur ábúandi goldið hálfu tunnu mjöls, [6½] vætt og v fiska í fiski. Leigukúgildi iii. Leigur betalast í smjöri og fiski heim til staðarhaldarans inntil fyrir 9 árum, þegar Sr. Jón kom til staðarins, voru allar leigur í smjöri goldnar.

Kvaðir hafa engar verið síðan Sr. Jón tók við staðnum: þangað til var í kvaða nafni stundum skip ljeð til Vestmannaeyja undir gótz á land, stundum gótzið flutt af Eyjasandi heim til bæja, líka hestlán undir trje af fjörum heim til staðarins, og dagsláttur oftast heim.

...

Fóðrast á heyjum jarðarinnar viii kýr, ii hestar, xvi lömb. Hætt er fjenaði fyrir foruðum og deyr þar tíðum í. Engjum hefur sands áfok stórlega spilt og mikinn part þeirra af tekið. Á túnið fýkur líka sandur og liggur jörðin hjer fyrir undir miklum spjöllum, sjerdeilis engjaplátsið.<sup>5</sup>

Þá kemur fram í *Jarðabókinni* 1712 að ábúendurnir tveir hafi samtals átt þennan bústofn: 9 kýr, 1 vetrung, 1 ungrkálfr, 2 kvígur, 9 ær, 3 veturgamlar gimbrar, 5 þrevetra sauði, 6 tvævetra og 2 veturgamla sauði auk eins gamals sauðs, 8 hesta, 3 fola og 5 hross.<sup>6</sup>

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1835-1845 kemur fram að Hólmar eru enn í eigu kirkjunnar á Breiðabólstað og þar er enn tvíbýli. Þá er dýrleiki jarðarinnar sagður vera 20 hdr., landskuldin 1,6 og kúgildin fimm.<sup>7</sup>

Eins og áður segir er í *Jarðabókinni* 1712 greint frá því að tvær hjáleigur séu í byggð frá Hólum, Hólmahjáleiga eystri og vestari, en 1847 er Hólmahjáleiga aðeins sögð vera ein,

<sup>1</sup> *Rangárþing eystra*. Engin dags.

<sup>2</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 140.

<sup>3</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 141.

<sup>4</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 109.

<sup>5</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 109-110.

<sup>6</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 110.

<sup>7</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 29.

en með tveimur ábúendum. Þá er hins vegar getið um hjáleiguna Butru.<sup>8</sup> Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* eru hjáleigurnar einnig sagðar vera tvær, Hólmahjáleiga og Butra og dýrleiki jarðarinnar allrar með hjáleigum sagður vera 20 hdr.<sup>9</sup>

Árið 1838 voru landamerki milli Bakka [163845-118] og Hólma ákveðin úr Kristínarhól [163845-118-5] í Þríþúfur og þaðan í Ferstiklur.<sup>10</sup> Árið 1872 var nánar kveðið á um landamerki sem þá voru ákveðin þessi:

Úr framanveðri Ferstiklu yfir Skækilsrimatanga beina sjónhending í Harðhaus .... Svo liggja mörkin móts við Kirkjuland úr Harðhaus spölkorn fram í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, og liggur hún þar sem austustu húsin á Búðarhólsbæ bera í vestasta horn Stóra Dímonar. Úr þessari vörðu liggja svo mörkin móts við Önunarstaði beina stefnu yfir þúfuna á rímanum framanvert við Gamlavað austanvert við Fljótið, og yfir hæstu þúfu á ríma spölkorn fyrir innan Rimakots stekkjartún fram í þúfu astanvið Rimakotstún og er hún þar, sem Austur-Búðarhólshjáleiga ber austanvert við Tómagil í Þríhyrningi og Butrubæ laust norðanvert við Seljalandsfoss. Þaðan liggja mörkin eptir gömlu garðlagi fram í upphlaðna hornmarksþúfu sem liggur þar, er beina stefnu ber milli Litla-Þríhyrnings og Blátinds í Vestmannaeyjum og Hólmahjáleiga í norðurhallann á Hájöklinum. Þaðan liggja svo mörkin beina stefnu yfir Skaufhóla í áðurnefndan Kristínarhól.<sup>11</sup>

Árið 1917 var úthögum jarðanna Hólma, Butru og Hólmahjáleigu skipt:

Að Hólmahjáleigu hlotnaðist beutiland sitt í einu lagi austan af sameignarlandinu þvert yfir það sem skiptist frá Hólma og Butru landi með landamerkjum sem hér segir: Markavarða er upphlaðin þar sem Elliðaey hálf ber austan við Hólmahjáleigubæ og Seltættur í Hrutafellsfjall. Og liggja mörkin í beinni línu í vörðu upp við Búðarhólshveris og Hólma markagarð og er hún þar sem Hólmahjáleigu ber í Ystaklett.<sup>12</sup>

Í jarðskjálftunum miklu sem skóku Suðurland árið 1896 voru bæjarhúsin á Hólmum sjö talsins og peningshús voru fjórtán. Þrjú bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið en fjögur minna. Tíu peningshús skemmdust mjög mikið, en fjögur þeirra lítið.<sup>13</sup>

Þegar manntal var tekið árið 1703 var tvíþýli á Hólmum og voru samtals 16 skráðir til heimilis á Hólmum og auk þess fimm á hjáleigu, sem þá var aðeins ein.<sup>14</sup> Tæpri öld síðar (1801) er einþýlt á Hólmum og þá búa 7 á bænum.<sup>15</sup> Í manntali 1816 voru samtals 22 skráðir á tveimur heimilum á Hólmum.<sup>16</sup> Árið 1910 voru átta til heimilis á Hólmum, sem aftur var orðið einþýli, ábúendur ásamt sex börnum þeirra. Þá var timburhús á bænum.<sup>17</sup>

„Jörðin er um 710 ha. og er þar af sandur innan landgræðslugirðingar 270 ha. allt annað land jarðarinnar framræst mýrlendi, og er mjög þokkalega þurrhent. Allt er landið gróið og mjög grasgefið. Vetrararbeit er allgóð fyrir hross, en lítið um skjól í högum. Meiri partur jarðarinnar er afgirtur. Hlunnindi: Reki á Hólmafjöru.“<sup>18</sup> Núverandi íbúðarhús á Hólmum

<sup>8</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII.; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 110; Johnsen, J. 1847, bls. 29.

<sup>9</sup> *Ný jarðabók fyrir Ísland*, .... [1981], bls. 13.

<sup>10</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 140.

<sup>11</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 140.

<sup>12</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 140.

<sup>13</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 163.

<sup>14</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 478.

<sup>15</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. 1978, bls. 121.

<sup>16</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 209-210.

<sup>17</sup> *Manntal á Íslandi 1910*. 1995, bls. 148-149.

<sup>18</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 266.

var byggt árið 1967, og árið 1976 var túnið 56 ha.<sup>19</sup> Enn er búið á jörðinni sem nú er í einkaeigu.<sup>20</sup>

### **Hólmahjáleiga (eystri) (163869-116):**

„Elsta heimild sem til er um Hólmahjáleigu er kæra Jóns Arngrímssonar frá 1607 til Odds Einarssonar biskups í Skálholti, um framferði Jóns Halldórssonar [þáverandi ábúanda]. Meðal ákæruatriða er að hann eigi ógoldna landskuld af Hólmahjáleigu.“

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1712 er frá því greint að tvær hjáleigur séu í byggð frá Hólum, Hólmaleiga eystri og vestari, en um miðja nítjándu öld er Hólmahjáleigan aðeins ein en þá er nefnd hjáleigan Butra.<sup>21</sup> Í *Landeyingabók* er því haldið fram að vestri Hólmahjáleigan og Butra sé sama hjáleigan.<sup>22</sup>

Þeir Árni og Páll lýsa Hólmahjáleigu eystri þannig:

Er bygð fyrir elstu manna minni. ... Landskuld lx álnir. Betalast með iii fjórðungum smjör á haust og xxx álnum fríðum á vor. Leigukúgildi i. Leiga betalast í smjöri. Landskuld og kúgilda leigu uppber ábúandi heimajarðarinnar. Kvaðir eru engar fyrr nje síðar. Kvíkjenaður v kýr, i kvíga, i naut þrevett, i úngkálfur, xiii ær, iii gimbrar veturgamlar, iii sauðir gamlir, iv þrevetrir, viii tvævetrir, iii veturgamlir, iii hestar, ii folar, ii hross, i únghryssa. Fóðrast kann á heyjum hjáleigunnar v kúa þúngi.<sup>23</sup>

Í *Manntali 1816* er aðeins getið um eina Hólmahjáleigu.<sup>24</sup> Í *Jarðatali Johnsens* frá 1835-1845 er einnig aðeins talað um eina Hólmahjáleigu en hins vegar tvo ábúendur. Dýrleikans er ekki getið en kúgildin sögð vera tvö.<sup>25</sup>

Árið 1840 er dýrleiki Hólmahjáleigu sagður vera 5 hdr. og að þar sé allvel hýst.<sup>26</sup> Um 30 árum síðar er Landeyjaprestakalli lýst og þar er þessi umsögn um Hólmahjáleigu: „Á þessum bæ eins og í öllu Hólmahverfinu eru slægjur litlar og rýrar og mikil hagaprengsli og léttir hagar. Ef fénaðurinn væri ekki látinn ganga upp á Bakka og Búðarhóli, þá hlyti að vera mjög rýr heyskapur í því hverfi. Jörðin hefur ekki gengið af sér því hún nær ekki að sandinum, þar eð lönd Bakka [163845-118] og Önundarstaða ná saman fyrir framan Hólmahverfislandið og taka helzt á móti sandfokinu nema þegar ofsaveður kemur og sandfok kemur undan Fjöllunum, en hún hefur heldur ekki batnað.“<sup>27</sup> Það er tekið fram að lýsing þessi eigi einnig við um Hólma [163870-115] og Butru.

Í jarðskjálftunum miklu sem skóku Suðurland árið 1896 voru bæjarhúsin á Hólmahjáleigu sex talsins og peningshús voru sjö. Helmingur bæjarhúsanna skemmdist mjög mikið en önnur minna. Þrjú peningshús skemmdust mjög mikið, en fjögur þeirra lítið.<sup>28</sup>

<sup>19</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 266.

<sup>20</sup> Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hólmar, Rangárþing eystra*.

<sup>21</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 110; Johnsen, J. 1847, bls. 29.

<sup>22</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 40.

<sup>23</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 110.

<sup>24</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 210.

<sup>25</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 29.

<sup>26</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x og 108.

<sup>27</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x og 232.

<sup>28</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 163.

Þegar manntal var tekið árið 1703 voru fimm skráðir til heimilis á hjáleigu Hólma, sem hefur væntanlega verið Hólmahjáleiga eystri.<sup>29</sup> Tæpri öld síðar (1801) eru heimilismenn taldir vera níu.<sup>30</sup> Í manntali 1816 hafði þeim fækkað niður í sex.<sup>31</sup> Árið 1910 voru 12 taldir til heimilis á Hólmahjáleigu, ábúendur ásamt sjö börnum þeirra, tveimur hjúum og einum niðurstetningi. Þá var íbúðarhúsið torfbær með fjórum heilþilum.<sup>32</sup>

„Jörðin er um 90 ha. að stærð. Landið er allt framræst og þurrt, gróið og grasgefið. Vetrararbeit er allgóð fyrir hross, en skjóllítið í högum. Landið er allt afgirt. Hlunnindi: Reki á Rimakotsfjöru.“<sup>33</sup> Árið 1954 var nýtt íbúðarhús byggt og árið 1976 var túnið 50,5 ha.<sup>34</sup> Enn er jörðin byggð og er í einkaeigu. Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1991.<sup>35</sup>

Ábúendur Hólmahjáleigu hafa nytjað jörðina Rimakot, sem fór í eyði árið 1919.<sup>36</sup>

### **Butra<sup>37</sup> (Hólmahjáleiga vestari) (163852-117):**

Í *Jarðabókinni* 1712 er frá því greint að tvær hjáleigur séu í byggð frá Hólmu [163870-115], Hólmaleiga eystri og vestari, en 1847 er Hólmahjáleiga aðeins sögð vera ein, en með tveimur ábúendum. Þá er hins vegar getið um hjáleiguna Butru.<sup>38</sup> Í *Landeyingabók* er því haldið fram að vestri Hólmahjáleigan og Butra sé sama hjáleigan.<sup>39</sup> Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* eru hjáleignarnar einnig sagðar vera tvær, Hólmahjáleiga og Butra og dýrleiki jarðarinnar allrar með hjáleigum sagður vera 20 hdr.<sup>40</sup>

Í *Jarðabókinni* er Hólmahjáleiga vestari lýst þannig:

Hennar fyrstu byggð vita menn ekki. ... Landskuld xl álnir. Betalast hálf í smjöri, hálf í fríðu. Leigu kúgildi i. Leiga betalast með smjöri. Eftirgjaldið uppber ábúandi heimajarðarinnar. Kvaðir eru engar. Kvíkjenaður iii kúr, ii kvígur, i naut tvævett, xi ær, i sauður tvævetur, i veturgamall, i foli, iii hross. Fóðrast á heyjum iii kúr. Slægjulandið er mjög vott og yfir foröð að sækja.<sup>41</sup>

Jörðin virðist vera í eyði þegar manntal er skráð 1703, en samkvæmt því sem kemur fram í *Jarðabókinni* verður ekki betur séð að hún hafi byggst talsvert fyrir þann tíma.<sup>42</sup>

<sup>29</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 478.

<sup>30</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. 1978, bls. 121.

<sup>31</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 209-210.

<sup>32</sup> *Manntal á Íslandi 1910*. 1995, bls. 146-147.

<sup>33</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 267.

<sup>34</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 267.

<sup>35</sup> Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hólmahjáleiga, Rangárþing eystra*.

<sup>36</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 267.

<sup>37</sup> Ekki er alveg ljóst hvað bæjarnafnið Butra merkir. Það gæti verið dregið af lo. **buturslegur** sem þýðir stírðbusalegur; þröngur, óhentugur. Einnig gæti það verið stytting á bæjarnafninu Butraldastaðir, sem dregið er að karlmannsnafninu **Butraldi**, sem er líklega upphaflega heiti á lækjum eða síkjum (einkum niðurgrofnum). Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989, bls. 95.

<sup>38</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 110; Johnsen, J. 1847, bls. 29.

<sup>39</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 40.

<sup>40</sup> *Ný jarðabók fyrir Ísland*, ... [1981], bls. 13.

<sup>41</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 110-111.

<sup>42</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 40; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 110-111.

Þegar manntal var 1801 eru heimilismenn taldir vera níu.<sup>43</sup> Í manntali 1816 hafði þeim fækkað niður í fjóra.<sup>44</sup>

Árið 1840 er dýrleiki Butru sagður vera 5 hdr. og að þar sé allvel hýst.<sup>45</sup>

Í jarðskjálftunum miklu sem skóku Suðurland árið 1896 voru bæjarhúsin á Butru sex talsins og peningshús voru tíu. Helmingur bæjarhúsanna skemmdist mjög mikið en önnur minna. Þrjú peningshús skemmdust mjög mikið, en sjö þeirra lítið.<sup>46</sup>

Butra lagðist í eyði árið 1908. Bærinn stóð á lágum hól röska 300 metra í norð-norðaustur frá Hólmum. Hún var í eigu kirkjunnar en árið 1927 keypti bóndinn í Hólmum jörðina af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.<sup>47</sup> Síðan jörðin fór í eyði hefur hún „... síðan verið nytjuð af ábúandanum í Hólmum, enda hluti af Hólmatorfunni og innan girðingar í Hólmum. Allt landið er framræst mýri, gróin og grasgefin.“<sup>48</sup> Árið 1976 var tún 4 ha.<sup>49</sup>

---

<sup>43</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. 1978, bls. 121.

<sup>44</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 209-210.

<sup>45</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x og 108.

<sup>46</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 163.

<sup>47</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 40.

<sup>48</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 268.

<sup>49</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 268.

## Fornleifaskrá Hólma - 163870-115

### Hólmar - 163870-115-1

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Bæjarhóll.

**Staðsetning:** N 341099, E 442872.

**Hættumat:** Ekki er gert ráð fyrir að bæjarhóllinn sé í hættu vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 100 m austur af veginum að Bakkaflugvelli er bærinn Hólmar. Núverandi bæjarhús stendur á háum bæjarhól.

**Lýsing:** Íbúðarhús stendur á bæjarhólnum sem er 238 m í ummál. Greinilegt er að nokkuð lengi hefur verið byggt á þessum stað því bæjarhóllinn er hár, hæstur um 8 m.

Útihús stendur vestan megin við bæjarhól á annarri hæð sem var mæld inn, en um tvo hóla er að ræða en bæjarhóllinn sjálfur mun hærri.

Ekki eru sjáanlegar minjar gamalla hús á bæjarhólnum, en líklegt er að bæjarhóllinn geymi þær.

**Bæjarhóllinn er um 100 m frá veglínu A og B.**



### Hólmar - 163870-115-2

**Hlutverk:** Óþekkt/rétt.

**Tegund:** Þúst.

**Staðsetning:** N 341134, E 442678.

**Hættumat:** Í hættu vegna ábúðar, en ólíklegt er að vegaframkvæmdir ógni minjunum því ekki er gert ráð fyrir breytingu á núverandi vegstæði.

**Staðhættir:** Sunnan megin við veginn að Bakkaflugvelli og beint á mótí heimreið að bænum Hólum, um 62 m suður af fyrirhuguðu vegstæði, er hól og garðlag [163870-115-3].

Heimildarmaður sagði að hér hefði verið rétt (Axel Þór Sveinbjörnsson).

**Lýsing:** Hóllinn er mjög blásinn að austanverðu. Hann er um 13 m breiður frá austri til vesturs og 55 m frá norðri til suðurs. Hóllinn er mjög rústalegur og hefur hugsanlega staðið hús á hólnum.

Garður [163870-115-3] liggur frá austri til vesturs, þvert í gegnum hólinn.

**Heimildarmaður:** Axel Þór Sveinbjörnsson, kt. 090772-4229. Munnleg heimild 2. október 2007.

**Hóllinn og garðurinn eru um 62 m frá veglínu A og B.**



### Hólmar - 163870-115-3

**Hlutverk:** Óþekkt/rétt.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** N 341134, E 442678.

**Hættumat:** Í hættu vegna ábúðar, en ólíklegt er að vegaf framkvæmdir ógni minjunum því ekki er gert ráð fyrir breytingu á núverandi vegstæði.

**Staðhættir:** Sunnan megin við veginn að Bakkaflugvelli og beint á móti heimreið að bænum Hólum, um 62 m suður af fyrirhuguðu vegstæði, er hóll [163870-115-2] og garðlag.

Heimildarmaður sagði að hér hefði verið rétt (Axel Þór Sveinbjörnsson).

**Lýsing:** Hóllinn er mjög blásinn að austanverðu. Garður liggur um 55 m frá austri til vesturs, þvert í gegnum hólinn. Rétt vestan við hólinn er 90 gráðu beygja á garðinum og þar liggur hann í um 13 m í norður.

Líklega er eitthvað af garðinum sé horfið. Garðurinn heldur áfram austan megin við skurð sem liggur í norður-suður um 3 m sunnan við þúst [163870-115-2].

**Heimildarmaður:** Axel Þór Sveinbjörnsson, kt. 090772-4229. Munnleg heimild 2. október 2007.

**Hóllinn og garðurinn eru um 62 m frá veglínu A og B.**

### Hólmar - 163870-115-4

**Hlutverk:** Garður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** N 341081, E 442571, suðurendi garðsins.

**Hættumat:** Í hættu vegna ábúðar, en ólíklegt er að vegaf framkvæmdir ógni minjunum því ekki er gert ráð fyrir breytingu á núverandi vegstæði.

**Staðhættir:** Um 5 m vestur af garðlagi [163870-115-3] er garðlag sem liggur áfram í vestur. Við austurenda garðsins er nokkuð safn af gömlum búvélum. Garðurinn er hugsanlega sami garður og [163870-115-3] en hefur verið rofinn af seinni tíma skurði.

**Lýsing:** Garðurinn er um ½ m á hæð og um 3 m breiður og liggur í austur-vestur. Hann er um 104 m á lengd. Garðurinn virðist vera hlaðinn úr torfi, enda grjót ekki auðfengið í þessari sveit.

**Upphaf garðsins að norðan er um 76 m frá veglínu A og B.**



### Heimildir:

Axel Þór Sveinbjörnsson, kt. 090772-4229. Munnleg heimild 2. október 2007.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980]. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi.* [Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu, sem gefin var út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn 1913-1917. Reykjavík: Sögufélagið.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók.* [Reykjavík:] Orðabók Háskólans.



- Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hólmahjáleiga, Rangárþing eystra*. Sótt 13. október 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1074905&landnr=163869&streetname=H%C3%B3lmahj%C3%A1leiga&sveitarfelag=Rang%C3%A1r%C3%B3ing%20eystra>.
- Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hólmar, Rangárþing eystra*. Sótt 13. október 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1074906&landnr=163870&streetname=H%C3%B3lmar&sveitarfelag=Rang%C3%A1r%C3%B3ing%20eystra>.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði og aðstoð Þjóðskjalasafns Íslands.
- Manntal á Íslandi 1816. II. hefti*. 1951. [Guðni Jónsson og Jóhann Gunnar Ólafsson sáu um útgáfuna.] Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði.
- Manntal á Íslandi 1910. II Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar*. 1995. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Erfðafræðinefnd.
- Ný jarðabók fyrir Ísland, samín eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. [1981]. Ljósprent af frumútgáfunni, sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1861. [Reykjavík:] Jarðabókaútgáfan.
- Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.
- Rangárþing eystra*. Engin dags. Sótt 27. september 2007 af [http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid\\_NR=160&E\\_NR=153&VS=1VS1.ASP&VT=160](http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid_NR=160&E_NR=153&VS=1VS1.ASP&VT=160).
- Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.
- Valgeir Sigurðsson. 1999. *Landeyingabók. Austur-Landeyjar*. Viðbætur unnu Þorgils Jónasson, Ingólfur Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson, sem jafnframt var ritstjóri. Gunnarshólma: Austur-Landeyjahreppur.
- Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## Bakki – 163845-118

### Saga

Bakki er austasti og syðsti bær í hinum gamla Austur-Landeyjahreppi og Krosssókn, en með sameiningu hreppa í Rangárvallasýslu árið 2002 tilheyrir hann nú sveitarfélaginu Rangárþing eystra.<sup>50</sup>

„Elsta heimild um Bakka sem nú þekkist er máldagi kirkjunnar í Holti undir Eyjafjöllum, sem talinn er frá 1270. Þar segir að staðurinn í Holti eigi hálfu Hvammsfjöru er liggi fyrir Bakka og séu það níu tygir faðma hins fjórða hdr.s. Næsta heimild sem getur þessarar jarðar er máldagi sömu kirkju sem talinn er frá 1332.“<sup>51</sup>

Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín lýsa jörðum í Landeyjum í *Jarðabók* sinni um 1712 hefur Bakki verið í eyði í 13 ár vegna ágangs sands og hafði þá bærinn tvisvar verið fluttur. Þeir segja að jarðdýrleikinn hafi verið 20 hdr.<sup>52</sup> Síðan segir í *Jarðabókinni*: „Landskuld var seinast við fjórðungur smjörs, nokkru áður við fjórðungur, en þá fyrir xvi fjórðungur og þá bjuggu tvennir á. Leigukúgildi var ekkert. Bæjarstaðið og landið þar um kring er sandi kafið og kann þess vegna aldrei aftur byggjast.“<sup>53</sup> Þeir félagar höfðu rétt fyrir sér því þegar Bakki var endurbyggður 1824 var hann reistur þar sem Bakkahjáleiga hafði staðið.<sup>54</sup>

Í sóknarlýsingu Krosssóknar frá 1840<sup>55</sup> segir að Bakki sé „... með ánægjanlegum votum og þurru slægjum, einkanlegast í hagkvæmum árferðum.“<sup>56</sup>

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er dýrleiki Bakka sagður vera 5 hdr. og kúgildið aðeins eitt. Þar kemur fram að árið 1803 hafi jörðin verið í eyði og yrkt frá Bakkahjáleigu.<sup>57</sup> Tveimur árum síðar er landkostum Bakka lýst þannig við jarðamat: „Tún lítil og töðufall vont, útslægjur allgóðar. Land til hagbeitar heldur mikið og gott, gripagagn í betra lagi. Jörðin er út af með land sitt.“<sup>58</sup>

Í jarðskjálftunum miklu sem skóku Suðurland árið 1896 voru bæjarhúsin á Bakka átta talsins og peningshús voru tíu. Helmingur bæjarhúsanna skemmdist mjög mikið en önnur minna. Fjögur peningshús skemmdust mjög mikið, en sex þeirra lítið.<sup>59</sup>

Árið 1887 voru landamerki jarðarinnar skráð þannig:

Á útnorðurshorni Bakkalands er flatur rimi nefndur Ferstikla. Þegar staðið er á Ferstiklu sést fuglsbringa af Seljalandsfossi norður undan Klapparnefi [þ.e. það sést örlítið í brún fossins].

<sup>50</sup> *Rangárþing eystra*. Engin dags.

<sup>51</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 11.

<sup>52</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 108.

<sup>53</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 108.

<sup>54</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 9.

<sup>55</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x.

<sup>56</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. 112.

<sup>57</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 29.

<sup>58</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 11.

<sup>59</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 163.

Þessari stefnu er haldið yfir Sandskarð, sem er á Álabökkunum áfram í svonefndan Tíundardal, sem viðurkennt er að sé þar, sem bæinn Bakka ber í austurbrún Klifsins í Vestmannaeyjum og eystri rætur Hæringsfjalla taka aðeins austar en eystri rætur Stóru-Dímonar. Úr Tíundardal liggur markalínan beint til sjávar í sjó, í eystra fjörumark Maríufjöru, sem er elding milli austureyja og Urðartanga. Frá Ferstiklu liggur markalínan beint til sjávar í svonefndar Þríþúfur, og eru þær þar sem Hafurshóll ber framan við bæjarröndina á Bakka og Norður-Búðarhólshjáleigu í Gilnamynni. Úr Þríþúfum liggur markalínan í Kristínarhól [163845-118-5] og er hann þar sem bæinn Bakka ber í Sauðhúsvöll og heygarðinn í Hólum í Gilnamynni. Úr Kristínarhóli liggur svo markalínan beint til sjávar uns vesturendann á Elliðaey ber í slakkann austan við bunka á Bjarnarey og austurbæinn á Tjörnum í Drífanda. Þaðan liggur svo markalínan beina sjónhending í sjó þar sem aðeins sést elding milli Bjarnareyjar og Elliðaeyjar, sem einnig er vestra mark Fjórðungsfjöru.<sup>60</sup>

Syðst í landi Bakka er svonefnd Gljá, sem er vatnsuppistaða er „... myndaðist af rigninarvatni er rigndi á sandinn og af afrennslisvatni sem seitlaði og flæddi suður af mýrinni í neðanverðri sveitinni.“<sup>61</sup> Þar er talið að fyrstu bæjarhúsin á Bakka hafa staðið.<sup>62</sup>

Þegar manntal var tekið árið 1703 var tvíþýli á Bakka og voru samtals níu skráðir þar til heimilis.<sup>63</sup> Tæpri öld síðar (1801) er Bakka ekki getið í manntali, einungis Bakkahjáleigu, þar sem búa tólf manns.<sup>64</sup> Í manntali 1816 er Bakki heldur ekki nefndur, einungis Bakkahjáleiga.<sup>65</sup> Árið 1910 er Bakki aftur nefndur í manntali, en nú kemur Bakkahjáleiga ekki fram. Þá eru tíu skráðir til heimilis á Bakka, ábúendur, þrír synir þeirra, fjögur hjú og einn ættingi. Þá var þar timburhús og tvö hús önnur með heilþili.<sup>66</sup>

„Bakki er 800 ha., þar af 300 ha. sandur innan sandgræðslugirðingar. Gróna landið er vallendi meðfram Álabökkum, og svo framræst mýri. Mikill hluti jarðarinnar er afgirtur. Hlunnindi: Reki á Bakkafjöru, selveiði og silungsveiði í Álum og Markarfljóti, og þar með aðild að veiðifélagi um Markarfljót.“<sup>67</sup> Reki er einnig talinn til hlunninda jarðarinnar um 1840 þegar sóknarlýsing Krosssóknar var rituð.<sup>68</sup> Árið 1976 var túnið 53,2 ha.<sup>69</sup>

Fram kemur í lýsingu á Landeyjaprestakalli frá 1877 að Bakki hafi verið eini bærinn þar sem selveiði var reynd í prestakallinu.<sup>70</sup>

Land jarðarinnar liggur að Álunum og fara selir oft upp í útfall þeirra. Ef Álarnir liggja beint og krókalaust út í sjóinn, þá er ekki kostur á að veiða, en ef þeir liggja í krókum og vik myndast inn í sandinn úr farveg Álanna skammt frá sjó, þá leggja veiðimenn nót í strauminn fyrir ofan vikið og láta strauminn bera hana fyrir vikið. Þegar nótin er komin þvert fyrir vikið, þá styggja veiðimenn þá seli, er uppi liggja í vikinu og þá er þeim ætlað að fara í

<sup>60</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 12; *Örnefnaskrá Bakka*.

<sup>61</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 204.

<sup>62</sup> Jón Einarsson. Munnleg heimild 25. september 2007.

<sup>63</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 478.

<sup>64</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. 1978, bls. 121-122.

<sup>65</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 208.

<sup>66</sup> *Manntal á Íslandi 1910*. 1995, bls. 146-147.

<sup>67</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 269.

<sup>68</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x og 112.

<sup>69</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls. 269.

<sup>70</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x og 245.

nótina. Ef sandurinn er sléttur og enginn kampur hefur myndast hjá vikinu, þá sjá selirnir veiðimennina og eru undireins farnir áður en nótinni verður komið fyrir.<sup>71</sup>

Í *Örnefnaskrá* fyrir Bakka segir frá því að þar hafi verið gefið merki, „látið brenna“, þegar menn úr Vestmannaeyjum sem þar voru staddir voru búnir til heimferðar og vildu láta sækja sig úr Eyjum.<sup>72</sup> „Þar var líka brennt, þegar póstur til „Eyja“ hafði verið sendur úr Reykjavík austur í Landeyjar. Var það gert að vetrarlagi nærri til aldamóta 1900. Skyldi brennan vera ½ klst. og Eyjamenn svara henni. Ábúandi á Bakka var skyldur til að leggja til brennuefnið og bar að greiða honum einn rd., seinna tvær krónur, fyrir eldsneytið. Það var brennt öðru hvoru á Brennutóttinni þangað til síminn var lagður milli lands og Eyja.“<sup>73</sup> Sæsímastrengur var lagður til Vestmannaeyja árið 1911.<sup>74</sup>

Eigendur Bakka hafa verið margir og stundum hefur jörðin skipst milli margra. Til dæmis átti Danakonungur jörðina á seinni helmingi 17. aldar, en seldi hana Hinrik Bjelke höfuðsmanni árið 1685. Enn er búið á jörðinni og hefur núverandi ábúandi átt alla jörðina síðan 1979. Þó fékk Flugmálastjórn afnotarétt af 21,1 ha lands árið 1990 undir flugvöll og nauðsynlegt athafna- og öryggissvæði.<sup>75</sup> Íbúðarhúsið sem nú stendur á Bakka var byggt árið 1963, en eldri bærinn brann árið 1958.<sup>76</sup>

„Árin 1900-1907 var lítill bær í Bakkalandi sem hér Nes, og var þurrabúð.“<sup>77</sup> Í bænum bjuggu mæðgur,<sup>78</sup> en ekki er aðrar heimildir að finna um bæ þennan.

### **Bakkahjáleiga:**

„Er Bakki fór í eyði, sem líklega hefur verið 1699 lagðist land þeirrar jarðar undir Bakkahjáleigu og hélst svo meðan jörðin var í byggð. Bakkahjáleiga lagðist í eyði 1824, en Bakki var endurbyggður í staðinn þar sem hjáleigan hafði staðið.“<sup>79</sup> Árið 1818 eignaðist einn og sami maðurinn bæði Bakkahjáleigu og Bakka og hefur land Bakkahjáleiga síðan fylgt Bakka.<sup>80</sup>

Þó ljóst sé að Bakkahjáleiga hafi verið til fyrir aldamótin 1700 er ekki að finna neinar ritaðar heimildir um hana fyrr en Árni Magnússon og Páll Vídalín geta hennar í *Jarðabók* sinni um 1712.<sup>81</sup> Þeir segja hana byggða úr Bakkalandi en ekki muni menn hvenær það hafi verið gert. Þar segir m.a. um Bakkahjáleigu:

„Jarðardýrleiki er af eiganda uppá settur [5 hdr.] og so er tíund af goldin. ... Landskuld xl álnir. Betalast með ii fjórðungum smjör og sljettum dal síðan stóru bóluna 1707. Áður var hálf í friðu, hálf í dauðu. Leigukúgildi i. Leiga betalast í smjöri að Fjalli á Skeiðum. Kvaðir eru engar fyrr nje síðar. Kvikfjenaður ... vi kýr, i úngkálfur, xxxi ær, v gimbrar, vi sauðir gamlir, vi þrevetrir, v tvævetrir, vii veturgamli, vi hestar, i foli, iii hross, ii

<sup>71</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* 1968, bls. 245.

<sup>72</sup> *Örnefnaskrá Bakka.*

<sup>73</sup> *Örnefnaskrá Bakka.*

<sup>74</sup> Heimaslóð. Vestmannaeyjar. Engin dags.

<sup>75</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 13.

<sup>76</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár.* 1982, bls. 269; Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 18.

<sup>77</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár.* 1982, bls. 269.

<sup>78</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár.* 1982, bls. 269.

<sup>79</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 9.

<sup>80</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 9.

<sup>81</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII.

únhryssur. Fóðrast á heyjum þriggja kúa þungi. Heyskap kaupir ábúandinn til ýmist á Önunderstöðum, Rimakoti eður í Fitjar .... Rekafjara liggur fyrir landi jarðarinnar, kölluð Máraufjara, .... Á landið gengur blásturs sandur.<sup>82</sup>

Að lokum segja þeir að mikill átroðningur og stór skaði sé af hestum ferðamanna, mest að austan, sem komi við á leið sinni til Vestmannaeyja.<sup>83</sup> Af þessu má sjá að þá þegar hefur Bakkahjáleiga verið mikilvægur áningastaður vegna samgagna til Vestmannaeyja en útibú frá versluninni í Vestmannaeyjum var starfrækt í Bakkahjáleigu frá 1774 til 1797, sem aðallega sinnti móttöku ullar.<sup>84</sup> Í *Jarðabók Johnsens* er sagt að verslunarstaður hafi verið þar árið 1803 og hafi þá Petræus og Svane átt kotið,<sup>85</sup> en þeir hafa væntanlega verið danskir kaupmenn eða verslunarþjónar.

Árið 1793 segir Sveinn Pálsson í *Ferðabók* sinni: „Bakkahjáleiga heitir lítið uppsátur frá Vestmannaeyjum í þessari sveit. Aldrei kemur þó nokkurt skip þangað, en vörurnar eru fluttar fram og aftur á íslenskum bátum, oft með ærinni mannhættu vegna hins mikla sjógangs.“<sup>86</sup>

Þegar manntal var tekið árið 1801 er Bakka ekki getið í manntali, einungis Bakkahjáleigu, þar sem búa tólf manns.<sup>87</sup> Í manntali 1816 er Bakki heldur ekki nefndur, einungis Bakkahjáleiga. Þá eru þrettán taldir þar til heimilis, ábúendur, fjögur börn þeirra, þrjú vinnuhjú, prestsekkja, tókubarn og skyldmenni.<sup>88</sup> Árið 1910 er Bakki aftur nefndur í manntali, en ekki Bakkahjáleiga.<sup>89</sup>

### **Tobbahjáleiga:**

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er þess getið að lítilfjörleg hjáleiga, kölluð Tobba hjáleiga, hafi verið byggð úr landi Bakki fyrir 10 árum, en talið er að þeir hafi skrifað kaflann um Landeyjar árið 1712. Byggð á hjáleigunni hélst ekki nema í 5 ár,<sup>90</sup> þannig að þar hefur verið búið á árunum 1702 til 1707 eða þar um bil. Þeir lýsa landkostum þannig: „Landskuld var 1 eða 2 ár xx álnir, þar fyrir utan engin. Leigukúlgildi var i. Þessi hjáleiga kann ekki aftur að byggjast, því heyskapur er enginn. Hús öll eru í burt og tóftir fallnar.“<sup>91</sup> Þetta er eina ritaða heimildin um hjáleigu þessa, og aðeins er vitað um einn bónda á bænum, Þorbjörn Sigmundsson, sem bjó þar 1702 til 1703.<sup>92</sup> „Telja má víst að Þorbjörn þessi hafi reist Tobbahjáleigu og hún verið við hann kennd.“<sup>93</sup>

<sup>82</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 108-109.

<sup>83</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 109.

<sup>84</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 9.

<sup>85</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 29.

<sup>86</sup> Sveinn Pálsson. 1945, bls. 232.

<sup>87</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. 1978, bls. 121-122.

<sup>88</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 208.

<sup>89</sup> *Manntal á Íslandi 1910*. 1995, bls. 146-147.

<sup>90</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 109.

<sup>91</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 109.

<sup>92</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 369.

<sup>93</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 369.

## Fornleifaskrá Bakka – 163845-118

### Bakki – 163845-118-2

**Sérheiti:** Gamli-Bakki.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Bæjarhóll.

**Staðsetning:** N 339712, E 443390.

**Hættumat:** Bæjarhóllinn er í mikilli hættu vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 90 m norður af austur-vestur flugbraut á Bakkflugvelli og um 250 m austur af flugstöð er gamall bæjarhóll Bakka, oftast kallaður Gamli-Bakki.

Vindpoki fyrir flugvöllinn stendur á steinsteyptri undirstöðu þar sem bæjarhóllinn er hæstur.

Í *Örnefnaskrá Bakka* segir m.a.: „Gamli-Bakki. Allstór, aflangur hóll, suðvestur af Bakka. Gamalt bæjarstaði, bærinn var fluttur þaðan á 17. öld vegna sandfoks. (Hefir hóllinn blásið upp og gróið á víxl) var um 1920 blásinn og mátti þá sjá fyrir nokkrum moldarveggjum í sandinum. Nú hefur hann verið algróinn 10-15 ár.“ (*Örnefnaskrá Bakka*. Engin dags.). „Er Bakki fór í eyði, sem líklega hefur verið 1699 lagðist land þeirrar jarðar undir Bakkahjáleigu og hélst svo meðan jörðin var í byggð. Bakkahjáleiga lagðist í eyði 1824, en Bakki var endurbyggður í staðinn þar sem hjáleigan hafði staðið.“ (Valgeir Sigurðsson. 1999:9). Árið 1818 eignaðist einn og sami maðurinn bæði Bakkahjáleigu og Bakka og hefur land Bakkahjáleiga síðan fylgt Bakka (Valgeir Sigurðsson. 1999:9).

**Lýsing:** Bæjarhóllinn er um 3 m á hæð, og mjög áberandi í landslaginu. Hóllinn er mun grónari en umhverfið.

Hóllinn er 51 m breiður frá austri til vesturs og 57 m frá norðri til suðurs.

Ekki eru neinar hleðslur sjáanlegar á bæjarhólnum en þó má sjá óljósar mishæðir eftir byggingar á hólnum.

#### Heimildir:

Valgeir Sigurðsson. 1999. *Landeyingabók. Austur-Landeyjar*. Viðbætur unnu Þorgils Jónasson, Ingólfur Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson, sem jafnframt var ritstjóri. Gunnarshólma: Austur-Landeyjahreppur.

*Örnefnaskrá Bakka*. Engin dags. Þórður Loftsson skráði. Garðabæ: Örnefnastofnun.

**Hóllinn er 90 m frá veglínu þvervegjar á C.**



### Bakki – 163845-118-3

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Þúst.

**Staðsetning:** N 339909, E 443214.

**Hættumat:** Þústin er í mikilli hættu vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 116 m norðaustur af flugstöðinni á Bakka og um 250 m vestur af bæjarhól Gamla-Bakka [163845-112-3] er hóll.

**Lýsing:** Hóllinn er um ½ m að hæð. Á



honum er mikið meiri jarðvegsmyndun en umhverfis hann, en þar er mjög mikill sandur. Ekki sjást neinar hleðslur eða mishæðir í hólnum en miðað við bæjarhólinn, þá er hugsanlegt að á þessum hól hafi staðið útihús frá Gamla-Bakka [163845-112-2].

Þessi ályktun er dregin af því að á hólnum er annar gróður en umhverfis hann, eins og oft vill verða þar sem byggingar hafa staðið.

**Hóllinn er í veglínu þvervegjar á C.**

#### **Bakki – 163845-118-4**

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Gata.

**Staðsetning:** N 339743, E 443409.

**Hættumat:** Leiðin er ekki í mikilli hættu.

**Staðhættir:** Um 25 m norður af bæjarhól Gamla-Bakka [163845-118-2] má sjá leið markaða í jarðveginn. Leiðin liggur í austur-vestur fram hjá bæjarhólnum. Leið þessi gæti hugsanlega verið hluti alfaraleiðar, sem lá „... hjá Bakka og út með öllum Gljábökkum út



úr gegn og út fyrir Hólsá, ...“ eða kirkjuvegjar sem notaður var á sumrin „... frá Bakka, úr Hólmahverfinu, frá Rimakoti, Öfundarstöðum ... heim að Krossi.“ (*Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. 1968:249*).

**Lýsing:** Leiðin er mjög skýr í landslagi. Ekki eru nein dýr á þessu svæði vegna nálægðar við flugvöllinn og því greinilegt að um gamla leið er að ræða fram hjá bæjarhólnum.

Stundum er hægt að villast á núverandi kindagötum og leiðum, en hér er ekki vafi á að um gamla leið er að ræða.

**Heimildir:**

*Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.*

**Leiðin er 110 m frá veglínu þvervegjar á C.**

#### **Bakki – 163845-118-5**

**Sérheiti:** Kristínarhóll.

**Hlutverk:** Hornmark.

**Tegund:** Hóll.

**Staðsetning:** N 340035, E 442975.

**Hættumat:** Í hættu vegna ábúðar, en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 170 m norð-vestur af flugvelli, fast við veg sem liggur meðfram norður-suður flugbraut er hár og hvanngreinn hóll.

**Lýsing:** Hóllinn er ávalur og vel lagaður og hefur myndarlega fuglaþúfu á toppi.

Hóllinn er um 20 m frá austri til vesturs og 3 m frá norðri til suðurs. Hóllinn er um 5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Rofabard er í suð-austur hluta hólsins.



Hóllinn ber mjög sérstakt nafn, en ekki er vitað af hverju nafnið er dregið (*Örnefnaskrá Bakka*. Engin dags.). Þó að ekki móti fyrir neinum hleðslum á hólnum bendir lag hans og hæð til þess að hugsanlega hafi einhverntíman staðið bygging á þessum stað.

Hóllinn er hornmark milli Bakka, Önundarstaða, Rimakots og Hólma (*Örnefnaskrá Bakka*. Engin dags.).

**Heimildir:**

*Örnefnaskrá Bakka*. Engin dags. Þórður Loftsson skráði. Garðabæ: Örnefnastofnun.

**Hóllinn er 282 m frá veglínu A, 296 m frá veglínu B og 118 m frá veglínu þvervegar á C.**

**Bakki - 163845-118-6**

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Hóll.

**Staðsetning:** N 340131, E 443686.

**Hættumat:** Hóllinn er í mikilli hættu vegna ábúðar og vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Um 10 m suðaustan (aftan) við hrossahús frá Bakka, um 200 m suður af veginum sem liggur að bænum Bakka, má sjá hól. Hóllinn er um 600 m suð-austur af bænum Bakka.

**Staðhættir:** Hóllinn er ávalur, langur og nokkuð umfangsmikill og mun grænni en umhverfi hans. Hóllinn er 80 m langur í austur-vestur og um 30 m frá norðri til suður.

Nokkrar mishæðir eru á hólum sem gætu bent til að þarna hafi staðið fleiri en ein bygging. Hæstur er hóllinn um 1½ m.

Þar sem um er að ræða greinilegan hól sem stendur upp úr umhverfi sínu og á honum stendur hús sem enn er í notkun er hugsanlegt að þetta sé hól sem myndast hefur vegna síendurtekinna bygginga á sama stað. Þar sem hóllinn er mjög grænn, er líklegt að þarna hafi staðið útihús af einhverju tagi.

**Hóllinn eru um 80 m frá veglínu B.**



**Bakki - 163845-118-7**

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Gata.

**Staðsetning:** N 340120, E 443701.

**Hættumat:** Leiðin er í mikilli hættu vegna ábúðar og vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Í gegnum hól [163845-118-6] er greinilegur stígur eða leið sem liggur í austur í átt að rústum [163845-118-8] og fram hjá þeim.

**Lýsing:** Gatan er mjög greinileg í umhverfinu og liggur í austur-vestur.

Ekki er öruggt með aldur eða eðli

þessarar leiðar, en líklegt er að búfénaður notist enn við þessa leið. Þar sem leiðin er mjög áberandi í landslagi og liggur yfir tvö minjasvæði var ákveðið að skrá hana.

**Leiðin er um 80 m frá veglínu B.**





### Bakki - 163845-118-8

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús/fjánhús.

**Tegund:** Tóft.

**Staðsetning:** N 340084, E 443874.

**Hættumat:** Tóftin er í mikilli hættu vegna ábúðar og vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Um 175 m austur af [163845-118-6] sunnan í lágum grasbakka, eru tóftir sem hugsanlega eru af fjárhúsi með hlöðu eða heygarði.

**Lýsing:** Leifar hlaðinna veggja sjást vel. Vel sést móta fyrir þremur hólfum. Tvö þau vestustu eru opin mót suðri, þ.e. þar sjást engin merki um hleðslu, og því má ætla að þar hafi verið timburpil. Breidd vestasta hólsins að innan er 2,5 m en hólfid austan við það er um 3 m. Lengd húsanna er um 4 m.

Austasta hólfid er með öðru móti en þau tvö vestari. Þar virðist hafa verið suðurveggur eða –garður, en op í austur. Hugsanlega hefur þetta hólf verið heygarður.

**Tóftirnar eru um 86 m frá veglínu B.**



### Bakki - 163845-118-9

**Hlutverk:** Kálgarður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** N 340065, E 443954.

**Hættumat:** Garðlagid er í mikilli hættu vegna ábúðar en ekki vegna vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Um 60 m austur af tóft [163845-118-8] er mjög greinileg garðhleðsla.

**Lýsing:** Garðurinn er U-laga og opin í suður. Garðurinn liggur á 14 m kafla frá norðri til suðurs og tekur svo 90 gráðu beygju og stefnir í austur-vestur um 73 m og stefnir svo aftur í suður og er þar 16 m. Garðurinn er breiðastur neðst, um 1½ m og mjókkar upp. Hann er nokkuð vel farinn en rofinn á nokkrum stöðum og e.t.v. hefur verið hlið á norðurhlið garðsins. Innan garðsins er nokkuð slétt en mikil þúfnamyndun er sunnan við hann, sem gæti bent til að þar hafi verið girðing. Heimildarmaður sagði að þarna hefði verið kálgarður (Jón Einarsson).

**Heimildarmaður:** Jón Einarsson, kt. 010330-4599. Munnleg heimild 9. október 2007.

**Garðurinn er um 120 m frá veglínu B.**



### Bakki - 163845-118-10

**Hlutverk:** Garður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** N 340151, E 445432.

**Hættumat:** Garðlagið er í mikilli hættu vegna ábúðar og vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Umhverfis tún og inni á túni sem er um 1000 m austur af bæjarhúsum. Bakka eru hlaðnir garðar.

**Lýsing:** Greinilegur garður er með framgirðingu austasta hluta túnsins. Garðurinn er L-laga og liggur annar hlutinn í suðvestur-norðaustur og er 208 m langur. Við austurhorn skikans er rúmlega 90 gráðu horn á garðinum og þar tekur hann stefnu í NNA og er 197 m. Rétt innan við garðlagið er vírgirðing á tréstaurom og verður ekki betur séð en garðinum hafi verið hlíft þegar hún var sett. Mesta hæð garðsins er um ½ m og breidd hans er að jafnaði um 1 m. Garðurinn er grasi gróinn og ekkert grjót sést í honum.



**Garðurinn er um 60 m frá veglínu C.**

#### **Bakki - 163845-118-11**

**Hlutverk:** Garður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** N 340245, E 445318.

**Hættumat:** Garðlagið er í hættu vegna ábúðar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Umhverfis tún og inni á túni sem er um 850 m norðaustur af bæjarhúsum. Bakka eru hlaðnir garðar.

**Lýsing:** Greinilegur garður er inni á miðju austasta hluta túnsins. Garðurinn er beinn og auðséð er að honum hefur verið hlíft því ekki er slegið í kringum hann.

Mesta hæð garðsins er um ½ m og breidd hans er að jafnaði um 1 m. Garðurinn er grasi gróinn og ekkert grjót sést í honum.

**Garðurinn er um 200 m frá veglínu C.**

#### **Bakki - 163845-118-12**

**Hlutverk:** Garður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** N 340042, E 445482.

**Hættumat:** Garðlagið er í hættu vegna ábúðar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 23 m suðvestur af suðurenda garðs [163845-118-10] er annar garður, sem auðsjáanlega er eldri en sá fyrri.

**Lýsing:** Garðurinn er um 219 m langur. Hann liggur nokkurn veginn frá norðaustri til suðvestur þó á honum sé svolítil sveigja. Garðurinn er talsvert útlattur sem bendir til að hann sé töluvert gamall. Mesta breidd hans er um 1,5 m og mesta hæð um 30 sm. Samsíða garðinum vestan megin er greinileg rauf í svörðinn um



50 sm frá honum. Raufin er um 20 sm breið og um 15 sm djúp og er ugglaut merki þess hvar torf var tekið í garðinn. Garðurinn er grasi gróinn og ekkert grjót sést í honum. **Garðurinn er um 200 m frá veglínu C.**

#### **Bakki - 163845-118-13**

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Rústahóll

**Staðsetning:** N 339594, E 445217.

**Hættumat:** Hóllinn er í hættu vegna ábúðar og vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Hóllinn er um 500 m suður af túnunum austur af Bakka þar sem garður [163845-118-10] er. Hóllinn stendur við svæði þar sem sandur frá Markarfljóti skipar stóran sess en þó er nokkuð af gróðri enn á þessu svæði. Álarnir eru þarna nærri.



**Lýsing:** Um er að ræða hól sem ber sterk einkenni þess að vera rústahóll. Sjáanlegar mishæðir eru á hólnum sem er um 1,5 m á hæð. Hóllinn er um 11 m breiður frá norðri til suðurs og 10 m frá austri til vesturs.

**Hóllinn er um 80 m frá veglínu C.**

#### **Bakki - 163845-118-14**

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Rústahóll ?

**Staðsetning:** N 339619, E 445237.

**Hættumat:** Hóllinn er í hættu vegna ábúðar og vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Hóllinn er um 500 m suður af túnunum austur af Bakka þar sem garður [163845-118-10] er. Hóllinn stendur við svæði þar sem sandur frá Markarfljóti skipar stóran sess en þó er nokkuð af gróðri enn á þessu svæði. Álarnir eru þarna nærri.

**Lýsing:** Ekki er þessi hól jafn rústalegur og [163845-118-13] en hann stendur um 21 m norður af þeirri rúst. Þar sem hóllinn stendur upp úr umhverfi sínu og er nálægt mun líklegri rústahól var hann skráður.

**Hóllinn er um 68 m frá veglínu C.**

#### **Bakki - 163845-118-15**

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Rústahóll.

**Staðsetning:** N 339631, E 445271.

**Hættumat:** Hóllinn er í hættu vegna ábúðar og vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Um 500 m suður af túnunum austur af Bakka þar sem garður [163845-118-10] er. Hóllinn stendur við svæði þar sem sandur frá Markarfljóti skipar stóran sess en þó er nokkuð af gróðri enn á þessu svæði. Álarnir eru



þarna nærri.

**Lýsing:** Ekki er þessi hóll jafn rústalegur og [163845-118-13] en hann stendur um 25 m norður af þeirri rúst. Þar sem hóllinn stendur upp úr umhverfi sínu og er nálægt mun líklegri rústahól var hann skráður.

**Hóllinn er um 47 m frá veglínu C.**

### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980]. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi.* [Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu, sem gefin var út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn 1913-1917. Reykjavík: Sögufélagið.

Heimaslóð. Vestmannaeyjar. Engin dags. *Fjarskipti*. Sótt 29. september 2007 af <http://www.heimaslod.is/?title=Fjarskipti>.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Jón Einarsson, 010330-4599. Munnleg heimild 25. september 2007.

*Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947.* Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði og aðstoð Þjóðskjalasafns Íslands.

*Manntal á Íslandi 1816. II. hefti.* 1951. [Guðni Jónsson og Jóhann Gunnar Ólafsson sáu um útgáfuna.] Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði.

*Manntal á Íslandi 1910. II Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar.* 1995. Hólfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Erfðafræðinefnd.

*Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.

*Rangárþing eystra.* Engin dags. Sótt 27. september 2007 af [http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid\\_NR=160&E\\_NR=153&VS=1VS1.ASP&VT=160](http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid_NR=160&E_NR=153&VS=1VS1.ASP&VT=160).

*Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár.* 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1771-1797.* Þýdd af Pálma Hannessyni, Steindóri Steindórssyni og Jóni Eyþórssyni, sem jafnframt bjó til prentunar. Reykjavík: Snælandsútgáfan.

Valgeir Sigurðsson. 1999. *Landeyingabók. Austur-Landeyjar.* Viðbætur unnu Þorgils Jónasson, Ingólfur Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson, sem jafnframt var ritstjóri. Gunnarshólma: Austur-Landeyjahreppur.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

*Örnefnaskrá Bakka.* Engin dags. Þórður Loftsson skráði. Garðabæ: Örnefnastofnun.

## Tjarnir – 163813-70

### Saga

Tjarnir voru í hinum gamla Vestur-Eyjafjallahreppi, en með sameiningu hreppa í Rangárvallasýslu árið 2002 tilheyrir hann nú sveitarfélaginu Rangárþing eystra.<sup>94</sup> Jörðin tilheyrði Stóradalssókn og því var sóknarkirkjan austan við Markarfljót.

Í *Jarðabók* sinni árið 1712 segja þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín að Tjarnir séu tveir aðskildir bæir, byggðir til forna úr landi Seljalands. Jarðardýrleiki er þá 10 hdr. Landskuld hvors ábúanda er 1 áln,<sup>95</sup> sem „Bet alast með ii fjórðungum smjörs á haust og xxx álnum fríðum á vor.“<sup>96</sup> Þeir segja að landinu „... grandar stórum sandfjúk, líka brýtur af því Markarfljót.“<sup>97</sup>

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er dýrleiki Tjarna sagður vera 10 hdr. og kúgildin 4. Þá eru þar tveir leiguliðar.<sup>98</sup>

Í sóknarlýsingu Stóradalssóknar frá 1840<sup>99</sup> segir að á Tjörnum sé „... góður en lítill heyskapur, en betri og meiri hagaganga.“<sup>100</sup> Hins vegar séu miklir ókostir af sandi.<sup>101</sup>

Árið 1896, þegar jarðskjálftarnir miklu riðu yfir Suðurland, voru 13 bæjarhús og 19 peningshús sögð vera á Tjörnum, en ekkert þeirra skemmdist mikið.<sup>102</sup> Þó hefur þótt ástæða til að byggja nýja hlöðu á bænum, því eftir skjálftana var fyrsta járnþakta heyhlaðan undir Vestur-Eyjafjöllum byggð á Tjörnum. Árið eftir fór bóndinn á Brúnum að dæmi Jóns Jónssonar bónda á Tjörnum, en áður höfðu eingöngu verið helluþök á útihúsum.<sup>103</sup>

Þegar manntal var tekið árið 1703 var tvíþýli á Tjörnum og voru samtals 13 skráðir til heimilis á báðum bæjunum.<sup>104</sup> Tæpri öld síðar (1801) eru alls 12 taldir búsettir á Tjörnum.<sup>105</sup> Árið 1816 voru samtals 16 heimilismenn á báðum bæjunum.<sup>106</sup> Árið 1910 hafði enn fjölgað á bæjunum tveimur og bjuggu þar samtals 18 manns. Á öðrum bænum var torfbær með 3 heilþilum og 1 hálfþili, en á hinum var timburhús.<sup>107</sup>

---

<sup>94</sup> *Rangárþing eystra*. Engin dags.

<sup>95</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 88.

<sup>96</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 88.

<sup>97</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 88.

<sup>98</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 26.

<sup>99</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x.

<sup>100</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. 60.

<sup>101</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. 60.

<sup>102</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 159.

<sup>103</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls.114-115.

<sup>104</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 473.

<sup>105</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. 1978, bls. 94-95.

<sup>106</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 190.

<sup>107</sup> *Manntal á Íslandi 1910*. 1995, bls. 70-71.

Hlunnindi voru fiskreki, þ.e. sílisreki og fisk, „...sem ekki taldist landhlaup, þ.e. 12 fiskar eða fleiri, en þá átti jarðeigandi fiskinn.“<sup>108</sup> Einnig var svolítill silungsveiði í Markarfljóti og Álum.<sup>109</sup> Loks má nefnda þá búbot sem selurinn var. „Selur hélt sig talsvert við útfall Markarfljóts og var farið einn eða tvo daga á sumri frá Brúnum, Tjörnum og Bakka í félagi að veiða selinn í nótt. Stundum hittist á góðan feng, bæði fékkst af selnum lýsi og skæðaskinn og kjötið þótti allgott úr salti, einkum af ungum sel en hreifarnir, þá jafnan kallaðir mákar, verulegt hnossgæti sem kunnugt er.“<sup>110</sup>

Líklegt má telja að fyrrum hafi engjar Tjarna verið fyrir framan Tjarnanes, á sandflæmi sem lá milli Markarfljóts og Ála, en graslendi þetta eyddist af sandfoki. Hugsanlegt er að engjar þessar skýri það að tvíbýli hafi getað þrífist á Tjörnum.<sup>111</sup> Eftir að engjarnar spilltust urðu Tjarnabændur að sækja heyskap um langan veg, „... á Selsaura, í landi Seljalandsseis, og í Fitjarmýrar mýri, en á seinni árum fremur í Önundarstaðaleiru, í Hólmaengjar eða að Bakka, fyrir utan Ála. Þetta voru býsna miklir erfiðleikar hjá bændunum, en með árvekni og dugnaði tókst þeim að bjarga sér með heyskap, samhliða góðri beit í Tjarnarlandi.“<sup>112</sup>

Þeir bæir sem stóðu á hólmunum (eyjunum) þremur sem liggja milli Markarfljóts að austan og Ála að vestan voru einu nafni nefndir Hólmaebær, en tveir bæir voru á hverjum hólma. Bæirnir Brúnir [163751-71] og Tjarnir stóðu á syðsta hólmanum.<sup>113</sup> „Vötnin voru erfiðir nágrannar hjá Hólmaebæjarmönnum öllum, og lærðu þeir að sjálfsögðu að fá fást við þau sumar og vetur, þar sem ekki varð komist austur á bóginn nema yfir Markarfljót, en að vestanverðu lágu Álarnir.“<sup>114</sup>

Búskap var hætt á Tjörnum árið 1947 og síðasta árið var þar einbýli. Það ár rann Markarfljót inn á túnið, „... og var þá ljóst að þar var ekki lengur viðvært.“<sup>115</sup> Þá fluttust einnig ábúendur Brúna [163751-71] burtu, „... því ekki var álitlegt að búið væri á aðeins einum bæ fyrir framan Fauska, sem gat e. t. v. lokað með öllu leiðinni til efri bæjanna.“<sup>116</sup>

---

<sup>108</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 11.

<sup>109</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 14.

<sup>110</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 14.

<sup>111</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 12.

<sup>112</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 13.

<sup>113</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 3.

<sup>114</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 16.

<sup>115</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 18.

<sup>116</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 18.

## Fornleifaskrá Tjarna – 163813-70

### Tjarnir – 163813-70-2

**Hlutverk:** Óþekkt/aðhald.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 342623, E 447348.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 1 km norður af bæjarstæðinu á Tjörnum eru þrjú rústahólar á grasi grónu svæði. Um 15 m fyrir norðan hólana eru grónir sandsaurar.

**Lýsing:** Stærsti hóllinn eða þústin er nyrst hólanna þriggja og milli hinna tveggja. Greinilega sést hringlaga hleðsla með um 1,5 m breitt op á mót norðri. Annað jafn breitt op hefur hugsanlega einnig verið í SSA. Breidd frá norðri til suðurs er 17 en austur 15 m til vesturs. Veggjahæð að utan er um 40 sm. Yfirborðið innan veggjanna er lægra en umhverfis þá og þar er veggjahæð allt að 1 m, en mjög aflíðandi er að veggjunum báðum megin, sérstaklega þó að innanverðu. Ekki sést neitt grjót í veggjum. Stærð og gerð þessarar þústar bendir til að um einhvers konar aðhald hafi verið um að ræða.

**Rústin er um 186 m frá veglínu C.**



### Tjarnir – 163813-70-3

**Hlutverk:** Óþekkt/aðhald.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 342641, E 447326.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 1 km norður af bæjarstæðinu á Tjörnum eru þrjú rústahólar á grasi grónu svæði. Um 15 m fyrir norðan hólana eru grónir sandsaurar.

**Lýsing:** Um 13 m vestan við hleðslu [163813-70-2] er önnur minni þúst, sem einnig er hringlaga og með svipuðu sniði og sú fyrri. Breidd þústarinnar frá suðri til norðurs er 15 m en 13 m frá austri til vesturs. Veggjahæð að utanverðu er um 30 sm, en yfirborð rústarinnar að innanverðu er lægra en utan hennar og þar er veggjahæð um 50 sm. Mjög aflíðandi er að hleðslunum báðum megin. Líklegast er að op hafi verið mót norðvestri. Ekki sést neitt grjót í veggjum. Stærð og gerð þessarar þústar bendir til að um einhvers konar aðhald hafi verið um að ræða.

**Rústin er um 160 m frá veglínu C.**

### Tjarnir – 163813-70-4

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 342603, E 447352.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaf framkvæmda.

**Staðhættir:** Um 1 km norður af bæjarstæðinu á Tjörnum eru þrjár rústahólar á grasi grónu svæði. Um 15 m fyrir norðan hólana eru grónir sandsaurar.

**Lýsing:** Austasta rústin á svæðinu er um 5 m suðaustur af stærstu tóftinni [163813-70-2]. Þessi rúst er ólík hinum tveimur að því leyti að hún er ílöng, um 15 m að lengd og 9 m að breidd og liggur í austurvestur. Það sést móta fyrir hleðslum langveggjanna, þó þar sjáist ekkert grjótt. Veggjahæð þar er um 50 sm. Líklega hefur inngangur verið mót austri. Mikil þúfnamyndum er kringum tóftina, sem einnig gætu verið fallnar hleðslur. Umhverfis tóftina er yfirborðið svolítið lægra en umhverfið á um 2 m breiðu beltí.

Útlit þessarar tóftar bendir frekar til byggingar undir þaki en aðhalds.

**Rústin er um 200 m frá veglínu C.**



### Heimildir:

Anna Vigfúsdóttir. 1977. Hólmabæir syðri. *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál*, 16, 3-18.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980]. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi*. [Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu, sem gefin var út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn 1913-1917. Reykjavík: Sögufélagið.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripí úr búnaðartöflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði og aðstoð Þjóðskjalasafns Íslands.

*Manntal á Íslandi 1816. II. hefti*. 1951. [Guðni Jónsson og Jóhann Gunnar Ólafsson sáu um útgáfuna.] Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði.

*Manntal á Íslandi 1910. II Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar*. 1995. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Erfðafræðinefnd.

*Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.



*Rangárþing eystra*. Engin dags. Sótt 27. september 2007 af [http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid\\_NR=160&E\\_NR=153&VS=1VS1.ASP&VT=160](http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid_NR=160&E_NR=153&VS=1VS1.ASP&VT=160).

Valgeir Sigurðsson. 1999. *Landeyingabók. Austur-Landeyjar*. Viðbætur unnu Þorgils Jónasson, Ingólfur Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson, sem jafnframt var ritstjóri. Gunnarshólma: Austur-Landeyjahreppur.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## Brúnir – 163751-71

### Saga

Brúnir voru í hinum gamla Vestur-Eyjafjallahreppi, en með sameiningu hreppa í Rangárvallasýslu árið 2002 tilheyrir hann nú sveitarfélaginu Rangárþing eystra.<sup>117</sup> Jörðin tilheyrði Stóradalssókn og því var sóknarkirkjan austan við Markarfljót.

Í *Jarðabók* sinni árið 1712 segja þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín að dýrleiki Brúna sé 2½ hdr. og þær séu afbýli Stóradals.<sup>118</sup> „Fengust ei bygðar næstliðið ár, nema hvað nágrannar þrír hafa landið brúkað til beitar og slægna í leyfi eiganda, og betala þar fyrir til samans xxx álnir. ... Landskuld var þá jörðin bygðist xxx álnir. Betalaðist í því ábúandinn gat úti látið. Leigukúgildi i. Kvaðir hafa engar verið í 8 ár, þángað til voru í kvaða nafni goldnar xx álnir. Af landinu brýtur árlega Markarfljót og spillir því þar til stórum með sandi og grjóti, líka leirs áburði. Býlið liggur undir spjöllum.“<sup>119</sup>

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er dýrleiki Brúna sagður vera 3 hdr. og kúgildið aðeins eitt.<sup>120</sup>

Í sóknarlýsingu Stóradalssóknar frá 1840<sup>121</sup> segir að Brúnir sé „... sæmileg heyskaparjörð og með betri hagajörðum.“<sup>122</sup>

Árið 1896, þegar jarðskjálftarnir miklu riðu yfir Suðurland, voru 7 bæjarhús og 12 peningshús sögð vera á Brúnum, en ekkert þeirra skemmdist mikið.<sup>123</sup> Þó hefur þótt ástæða til að byggja nýja hlöðu á bænum, því eftir skjálftana var fyrsta járnþakta heyhlaðan undir Vestur-Eyjafjöllum byggð á Tjörnum [163813-70]. Árið eftir fór bóndinn á Brúnum að dæmi Jóns Jónssonar bónda á Tjörnum, en áður höfðu eingöngu verið helluþök á útihúsum.<sup>124</sup>

Þegar manntal var tekið árið 1703 voru sjö skráðir til heimilis á Brúnum.<sup>125</sup> Tæpri öld síðar (1801) er fjöldi heimilismanna sá sami.<sup>126</sup> Árið 1816 voru níu taldir til heimilis á Brúnum.<sup>127</sup> Einum færri bjuggu þar árið 1910, hjón ásamt þremur börnum og tveimur fósturbörnum auk lausakonu. Þar var þá torfbær með járnklæddri framhlið og þaki.<sup>128</sup>

Anna Vigfúsdóttir frá Brúnum segir frá því að bróðir sinn, Sigurður Vigfússon, hafi útbúið blómagarð fyrir sunnan bæjarhúsin. Árið 1905 gróðursetti hann birki, reynivið,

---

<sup>117</sup> *Rangárþing eystra*. Engin dags.

<sup>118</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 94.

<sup>119</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 94.

<sup>120</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 26.

<sup>121</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. x.

<sup>122</sup> *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. 60.

<sup>123</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 159.

<sup>124</sup> *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982, bls.114-115.

<sup>125</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 473.

<sup>126</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. 1978, bls. 95.

<sup>127</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1951, bls. 189.

<sup>128</sup> *Manntal á Íslandi 1910*. 1995, bls. 70-71.

víði og ribs.<sup>129</sup> „Síðar komu blóm, innlend og útlend, og var það fyrsta tilraun með trjá- og útiblómarækt í sveitinni. ... Trén náðu nokkrum þroska en urðu ekki hávaxin, hæst birkihrísla 3 m á hæð. Má vera að næðingarnir á sléttlendinu, einkum þrálát austanátt, hafi valdið, samhliða fremur grunnum jarðvegi. En blóm spruttu vel, og var garðurinn bæjarprýði mikil.“<sup>130</sup>

Örnefnið Fauski bendir til að umhverfis ána hafi land verið skógi vaxið. Með fram Fauska eru háir sandbakkar, sem nefnast Rof. „Undan Rofunum grófust stundum í vatnavöxtum trédrumbar allvænir, sem sýndu glögggt að þarna hefur verið skógi vaxið land að fornu, ...“<sup>131</sup> Brynjúlfur Jónsson segir nánar frá þessu í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1902*:

Enn sagði Vigfús bóndi Bergsteinsson á Brúnum mér frá því, að þá er lítið vatn er í Fauska, má sjá á endana á uppstandandi trjástofnum undir bökkum hans, og er 3 álna þykt malarlag ofan á; en í vatnavöxtum grefst undan bökkunum, losna þá stofnar þessir og rekur suma á land þar frammar. Kvaðst hann t. d. hafa fundið einn 3 al langan og ¼ al. digran, borið hann heim og lagt yfir sund milli garða tveggja eða veggja, þar er hann að eins náði yfir, sezt svo sjálfur á hann miðjan, til að reyna hvað hann þoldi, og hefði hann svignað litid eitt, - því ófúnir væri stofnar þessir allir og börkurinn á.<sup>132</sup>

Bæir sem tilheyrðu Stóradalstorfunni áttu ítak í skógarhöggi í Þórsmerkurskógum, „... og var höggið þar á hverju hausti. Viðurinn var notaður í eldinn og í árefti á útihús, gildustu hríslurnar. Hreppsnefnd V-Eyjafallahrepps hafði eftirlit með skógarhögginu og valdi skógarvörð til þess.“<sup>133</sup>

Þeir bæir sem stóðu á hólmunum (eyjunum) þremur sem liggja milli Markarfljóts að austan og Ála að vestan voru einu nafni nefndir Hólmabæir, en tveir bæir voru á hverjum hólma. Bæirnir Brúnir og Tjarnir [163813-70] stóðu á syðsta hólmanum.<sup>134</sup> „Vötnin voru erfiðir nágrannar hjá Hólmabæjarmönnum öllum, og lærðu þeir að sjálfsögðu að fá fást við þau sumar og vetur, þar sem ekki varð komist austur á bóginn nema yfir Markarfljót, en að vestanverðu lágu Álarnir.“<sup>135</sup>

Búskap var hætt á Tjörnum [163813-70] árið 1947 og síðasta árið var þar einbýli. Það ár rann Markarfljót inn á túnið, „... og var þá ljóst að þar var ekki lengur viðvært.“<sup>136</sup> Þá fluttust einnig ábúendur Brúna burtu, „... því ekki var álitlegt að búið væri á aðeins einum bæ fyrir framan Fauska, sem gat e. t. v. lokað með öllu leiðinni til efri bæjanna.“<sup>137</sup>

<sup>129</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 7.

<sup>130</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 7.

<sup>131</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 4.

<sup>132</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1902, bls. 18.

<sup>133</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 6.

<sup>134</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 3.

<sup>135</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 16.

<sup>136</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 18.

<sup>137</sup> Anna Vigfúsdóttir. 1977, bls. 18.

## Fornleifaskrá Brúna – 163751-71

### Brúnir - 163751-71-2

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 346532, E 448466.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 550 m suð-vestur frá Þjóðvegi 1 og um 50 m frá bakka þar sem Markarfljót hefur rutt sér leið, eru fjórir rústahólar eða tóftir sem virðast nokkuð gamlar.

Heimildarmaður vissi hvorki hvað þessar rústir eru gamlar né eðli þeirra og faðir hans ekki heldur, en hann var fæddur 1891 og bjó í Dalsseli þar skammt frá (Símon Oddgeirsson).

**Lýsing:** Stærsta rústin er um 1 m á hæð og nokkuð mishæðótt. Sést móta fyrir óljósum hleðslum á hólnum sem rústin stendur á. Greinilegust er 3 m hleðsla við austurjaðar hólsins, um 20 sm há. Það mótar fyrir hringlaga hleðslu á toppi rústahólsins.

Breidd hólsins er 21 m í norður-suður og 20 m austur-vestur

**Heimildarmaður:** Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 3. október 2007.

**Rústin er 131 m frá veglínu C.**



### Brúnir - 163751-71-3

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 346551, E 448477.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 550 m suð-vestur frá Þjóðvegi 1 og um 50 m frá bakka þar sem Markarfljót hefur rutt sér leið, eru fjórir rústahólar eða tóftir sem virðast nokkuð gamlar.

Heimildarmaður vissi hvorki hvað þessar rústir eru gamlar né eðli þeirra og faðir hans ekki heldur, en hann var fæddur 1891 og bjó í Dalsseli þar skammt frá (Símon Oddgeirsson).

**Lýsing:** Um 25 m norður af rúst [163751-71-2] er annar minni hóll eða rúst. Rústin er nokkuð hringlaga um 5 m í þvermál og um 60 sm á hæð. Ekki sést móta fyrir hleðslum.

**Heimildarmaður:** Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 3. október 2007.

**Rústin er 145 m frá veglínu C.**

### Brúnir - 163751-71-4

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 346544, E 448450.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 550 m suð-vestur frá Þjóðvegi 1 og um 50 m frá bakka þar sem Markarfljót hefur rutt sér leið, eru fjórir rústahólar eða tóftir sem virðast nokkuð gamlar.

Heimildarmaður vissi hvorki hvað þessar rústir eru gamlar né eðli þeirra og faðir hans ekki heldur, en hann var fæddur 1891 og bjó í Dalsseli þar skammt frá (Símon Oddgeirsson).

**Lýsing:** Um 16 m norð-vestur af rúst [163751-71-2] er annar minni hóll eða rúst, sem er mjög greinilega hringlaga

og einna skýrust af öllum rústum á svæðinu. Op er í suð-austur. Hóllinn sem tóftin stendur á er um 50 sm á hæð en ummál tóftar er 30 m og breidd hleðslna er 2 m.

**Heimildarmaður:** Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 3. október 2007.

**Rústin er 152 m frá veglínu C.**



#### **Brúnir - 163751-71-5**

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Rústahóll/tóft.

**Staðsetning:** N 346530, E 448446.

**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Um 550 m suð-vestur frá Þjóðvegi 1 og um 50 m frá bakka þar sem Markarfljót hefur rutt sér leið, eru fjórir rústahólar eða tóftir sem virðast nokkuð gamlar.

Heimildarmaður vissi hvorki hvað þessar rústir eru gamlar né eðli þeirra og faðir hans ekki heldur, en hann var fæddur 1891 og bjó í Dalsseli þar skammt frá (Símon Oddgeirsson).

**Lýsing:** Um 5 m suður af [163751-71-2] og 5 m austur af [163751-71-4] er fjórða tóftin á svæðinu. Hún er um 80 sm á hæð og sér móta óljóst fyrir miðju tóftar um 70 x 70 sm sem er um 50 sm á dýpt. Hleðslur er að öðru leyti ógreinilegar.

**Heimildarmaður:** Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 3. október 2007.

**Rústin er 140 m frá veglínu C.**

#### **Brúnir - 163751-71-6**

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Gata.

**Staðsetning:** N 345635, E 447923.

**Hættumat:** Gata er í hættu vegna beitar en ekki vegna vegaframkvæmda.

**Staðhættir:** Uppi á grasbakka sem liggur með fram aurum Markarfljóts er vegslóði sem liggur niður að bæjarstæðum Brúna og Tjarna. Á löngum köflum rétt við slóðann vestan megin má sjá ummerki um gamla leið sem lá



einnig heim að bæjunum tveimur (Símon Oddgeirsson).

**Lýsing:** Leiðin er mjög misgreinileg og nú virðist hluti hennar vera notaður af búfénaði. Skýrt sést hvernig leiðin hefur færst til í tímans rás eftir því sem hún hefur orðið dýpri.

**Heimildarmaður:** Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 3. október 2007.

**Leiðin er 110 m frá veglínu C.**

### Heimildir:

Anna Vigfúsdóttir. 1977. Hólmabæir syðri. *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál*, 16, 3-18.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980]. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi.* [Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu, sem gefin var út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn 1913-1917. Reykjavík: Sögufélagið.

Brynjúlfur Jónsson. 1902. Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1902*, 1-32.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

*Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði og aðstoð Þjóðskjalasafns Íslands.

*Manntal á Íslandi 1816. II. hefti.* 1951. [Guðni Jónsson og Jóhann Gunnar Ólafsson sáu um útgáfuna.] Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði.

*Manntal á Íslandi 1910. II Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar.* 1995. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Erfðafræðinefnd.

*Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.

*Rangárþing eystra.* Engin dags. Sótt 27. september 2007 af [http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid\\_NR=160&E\\_NR=153&VS=1VS1ASP&VT=160](http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid_NR=160&E_NR=153&VS=1VS1ASP&VT=160).

Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 3. október 2007.

*Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár.* 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

## Samantekt

Við rannsókn þá sem hér hefur farið fram vegna framkvæmda við ferjuhöfn í Bakkafjöru voru alls skráðar fornleifar á fjórum jörðum.

Engar fornminjar fundust við fyrirhugað hafnarsvæði, enda ekki við því að búast vegna ágangs sjávar og sands. Hugsanlegt er þó að þar hafi verið mannvirki sem tengdust sjósókn frá Bakkafjöru og ferða til Vestmannaeyja. Til dæmis segja þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín um 1712 að mikill átrodningur og stór skaði sé á Bakkahjáleigu af hestum ferðamanna, mest að austan, sem komi við á leið sinni til Vestmannaeyja.<sup>138</sup> Af þessu má sjá að þá þegar hefur Bakkahjáleiga verið mikilvægur áningastaður vegna samgangna til Vestmannaeyja en útibú frá versluninni í Vestmannaeyjum var starfrækt í Bakkahjáleigu frá 1774 til 1797, sem aðallega sinnti móttöku ullar.<sup>139</sup> Árið 1793 var Sveinn Pálsson á ferð um Landeyjar. Hann segir í *Ferðabók* sinni: „Bakkahjáleiga heitir lítið uppsátur frá Vestmannaeyjum í þessari sveit. Aldrei kemur þó nokkurt skip þangað, en vörurnar eru fluttar fram og aftur á íslenskum bátum, oft með ærinni mannhættu vegna hins mikla sjógangs.“<sup>140</sup> Og í *Jarðabók* Johnsen er sagt að verslunarstaður hafi verið á Bakkahjáleigu árið 1803 og hafi þá Petræus og Svane átt kotið,<sup>141</sup> en þeir hafa væntanlega verið danskir kaupmenn eða verslunarþjónar. Engin ummerki sjást þó um mannvirki sem þessu tengist í dag.

Þar sem veglínur liggja í og við tún er að vænta flestra fornleifa. Þar er meðal annars um að ræða bæjarhóla, grafreiti, ummerki um jarðrækt, útihús og túngarða. Samkvæmt yfirlitsmynd verkfræðistofunnar VSÓ Ráðgjöf, dags. 29. ágúst 2007, liggja veglínur A og B nærri túnnum og bæjarstæðum jarðanna Hólma, Hólmahjáleigu og Bakka. Veglína C og þvervegur á hana liggur hins vegar um tún jarðanna Bakka, Brúna og Tjarna. Skráðar voru 4 fornminjar á jörð Hólma, þar af þrjár innan 100 m frá miðlínu veglína A og B. Á jörðinni Bakka eru minjarnar 14, þar af 9 innan 100 m frá miðlínu veglína B og C (3 miðað við veglínu B, 4 miðað við veglínu C og 2 miðað við þverveg á veglínu C). Á jörðum Brúna og Tjarna voru ekki skráðar neinar minjar innan 100 m markanna. Engin fornleif fannst sem tilheyrir Hólmahjáleigu. Sjá einnig nánar Tölur 1 og 2.

*Tafla 1: Fjöldi skráðra fornminja.*

Jörð	Innan 100 m frá miðlínu vegstæðis	Utan 100 m frá miðlínu vegstæðis	Samtals
Hólmar	3	1	4
Bakki	9	5	14
Brúnir	0	5	5
Tjarnir	0	3	3
Alls	12	14	26

<sup>138</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. XIII; Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980], bls. 109.

<sup>139</sup> Valgeir Sigurðsson. 1999, bls. 9.

<sup>140</sup> Sveinn Pálsson. 1945, bls. 232.

<sup>141</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 29.

**Tafla 2: Skráðar minjar innan 100 m frá veglínu.**

Skráðar minjar	Tegund	Fjarlægð frá miðlínu vegstæðis	Lýsing á bls.	Meðf. kort
<b>Veglína A:</b>				
Hólmar - 163870-115-1*	Bæjarhóll	100 m	14	1
Hólmar - 163870-115-2**	Þúst	62 m	14	1
Hólmar - 163870-115-3**	Garðlag	62 m	15	1
Hólmar - 163870-115-4**	Garðlag	76 m	15	1
<b>Veglína B:</b>				
Hólmar - 163870-115-1*	Bæjarhóll	100 m	14	1
Hólmar - 163870-115-2**	Þúst	62 m	14	1
Hólmar - 163870-115-3**	Garðlag	62 m	15	1
Hólmar - 163870-115-4**	Garðlag	76 m	15	1
Bakki - 163845-118-6	Hóll	80 m	23	2
Bakki - 163845-118-7	Gata	80 m	23	2
Bakki - 163845-118-8	Tóft	86 m	24	2
<b>Veglína C:</b>				
Bakki - 163845-118-10	Garðlag	60 m	24	3
Bakki - 163845-118-13	Rústahóll	80 m	26	3
Bakki - 163845-118-14	Rústahóll ?	68 m	26	3
Bakki - 163845-118-15	Rústahóll	47 m	26	3
<b>Þvervegur á veglínu C:</b>				
Bakki - 163845-118-2	Bæjarhóll	90 m	21	2
Bakki - 163845-118-3	Þúst	Í veglínu	22	2

\* Bæjarhóll Hólma er um 100 m frá veglínum A og B, en hann er ekki talinn í hættu vegna vegaf framkvæmda, og er því sagður utan 100 m markanna í Töflu 1.

\*\* Þessar minjar eru innan 100 m markanna bæði frá veglínu A og B.

Tafla 2 sýnir þær minjar sem eru innan 100 m frá þeim veglínum sem til skoðunar voru. Flestar minjar eru við veglínu B, eða sjö, en fjórar þeirra eru jafnframt við veglínu A. Við veglínu C eru fjórar skráðar minjar, þó óvíst sé hvort ein eða tvær þeirra séu mannvistarleifar. Við þverveg á veglínu C voru skráðar 2 minjar og þar eru jafnframt þær minjar sem skýrsluhöfundar telja mikilvægast að varðveittar séu, þ.e. gamall bæjarhóll, sem nefndur er Gamli-Bakki [163845-118-2].

Við margar af þeim minjum sem hér eru skráðar er nægjanlegt að sérstaklega verði tekið tillit til þeirra við skipulagningu framkvæmdasvæða. Minjar sem eru í nágrenni eða jafri framkvæmdasvæða þyrfti að merkja til þess að koma í veg fyrir að þær verði fyrir skemmdum vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla. Sumar minjanna eru hins vegar í eða við veglínu og koma til í að vera í beinni hættu vegna framkvæmdanna. Allar framkvæmdir sem kunna að valda skemmdum á minjum ber að tilkynna til Fornleifa-verndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10. gr. *Þjóðminjalaga* nr. 107/2001.



Helstu mótvægisáðgerðir eru:

- Að hnika til veglínu þar sem það er mögulegt eða fýsilegt með tilliti til kostnaðarauka.
- Heildaruppgröftur og/eða uppmæling fornleifa áður en framkvæmdir hefjast.
- Könnunarskurður og nákvæm uppmæling til að kanna aldur og gerð minjanna sem svo yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Minjar fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar ríkisins án frekari fornleifarannsókna.
- Framkvæmdaefirlit þar sem fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum á viðkvæmum svæðum þar sem fornleifar kunna að vera í hættu.

Hér á eftir fylgja tillögur að mótvægisáðgerðum fyrir einstaka minjar á eða við áætluð framkvæmdasvæði í tengslum gerð hafnar í Bakkafjöru. Hafa ber í huga að einungis er um tillögur að ræða. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar til hvaða aðgerða verður gripið til verndar minjum og einnig hvaða skilyrðum leyfi til að hylja eða fjarlægja minjar eru háð.

#### Veglína A

- **Hólmar - 163870-115-1: Bæjarhóll** þar sem bæjarhús Hólma standa og eru í notkun. Ekki er gert ráð fyrir að bæjarhóllinn sé í hættu vegna framkvæmda.
- **Hólmar - 163870-115-2: Þúst** sem hugsanlega eru leifar af útihúsi. Aldur óviss. Ólíklegt er að minjarnar verði fyrir áhrifum á þessum stað þar sem veglínan liggur á sama stað og núverandi vegur.  
*Mótvægisáðgerðir:* Merkja þyrfti tóftina til að hún verði ekki fyrir skemmdum ef breytingar verða gerðar á veginum.
- **Hólmar - 163870-115-3: Garðlag** sem tengist þúst [163870-115-2] sem hugsanlega eru leifar af útihúsi. Aldur óviss. Ólíklegt er að minjarnar verði fyrir áhrifum á þessum stað þar sem veglínan liggur á sama stað og núverandi vegur.  
*Mótvægisáðgerðir:* Merkja þyrfti tóftina til að hún verði ekki fyrir skemmdum ef breytingar verða gerðar á veginum.
- **Hólmar - 163870-115-4: Garðlag.** Ólíklegt er að minjarnar verði fyrir áhrifum á þessum stað þar sem veglínan liggur á sama stað og núverandi vegur.

#### Veglína B

- **Bakki – 163845-118-6: Hóll.** Ójöfnur í landi nærri gömlum tóftum [163845-118-8]. Hugsanlega hafa staðið hús á þessum stað.  
*Mótvægisáðgerðir:* Hnika mætti veglínu til, en að minnsta kosti merkja svæðið til að forða því frá því að skemmast við vegaframkvæmdir. Er um 80 m frá veglínu B og telst ekki í bráðri hættu vegna framkvæmda.
- **Bakki - 163845-118-7: Gata.** Greinileg gata sem liggur fram hjá [163845-118-6] og fyrir framan [163845-118-8]. Er töluvert langt frá fyrirhuguðu vegstæði og ekki í bráðri hættu. Hugsanlega fjárgata.

- **Bakki - 163845-118-8: Tóft.** Greinileg tóft, líklega gamalt fjárhús. Er um 86 m frá veglínu og því ekki í bráðri hættu en gæta verður þess þó að umgangast svæðið með gætni.  
*Mótvægisáðgerðir:* Þarf að merkja og e.t.v girða af til að forða frá skemmdum vegna framkvæmda. Ef sýnt þykir að tóftin skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja.

### Veglína C

- **Bakki - 163845-118-10: Garðlag.** Garðurinn umlykur tún og er rétt fyrir utan girðingu. Gæti verið myndaður vegna girðingar sem áður hefur staðið þarna, en hefur samt öll einkenni þess að vera garðlag utan um tún. Ekki er víst að garðurinn sé gamall.  
*Mótvægisáðgerðir:* Merkja þarf garðinn til að forða frá skemmdum við framkvæmdir. Ef sýnt er að garðurinn skemmist vegna framkvæmda verður að fá leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja garðinn
- **Bakki - 163845-118-13: Rústahóll.** Hóll þessi er töluvert áberandi í umhverfinu, stendur hærra og er mun grænni en allt í kring. Hóllinn er hugsanlega leifar af útihúsi. Er um 60 m frá fyrirhugaðri veglínu.  
*Mótvægisáðgerðir:* Merkja þarf hólinn til að hann skemmist ekki við framkvæmdir. Ef sýnt þykir að hólinn skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja.
- **Bakki - 163845-118-14: Rústahóll.** Tveir hólar standa nærri [163845-118-12] en eru ekki eins sannfærandi sem rústahólar, en voru skráðir vegna þess að þeir standa nærri hinum stærsta og greinilegasta. Ekki er fullvíst að um rústir sé að ræða. Hóllinn er um 68 m frá vegstæði og ekki í bráðri hættu vegna framkvæmda.  
*Mótvægisáðgerðir:* Merkja þarf hólinn til að hann skemmist ekki við framkvæmdir. Ef sýnt þykir að hólinn skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja
- **Bakki - 163845-118-15: Rústahóll.** Tveir hólar standa nærri [163845-118-12] en eru ekki eins sannfærandi sem rústahólar, en voru skráðir vegna þess að þeir standa nærri hinum stærsta og greinilegasta. Ekki er fullvíst að um rústir sé að ræða. Hóllinn er um 68 m frá vegstæði og ekki í ráðri hættu vegna framkvæmda.  
*Mótvægisáðgerðir:* Merkja þarf hólinn til að hann skemmist ekki við framkvæmdir. Ef sýnt þykir að hólinn skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja.

### Þvervegur á leið C

- **Bakki - 163845-118-2: Bæjarhóll.** Hápunktur bæjarhólsins Gamla-Bakka er staðsettur um 90 m suður af þvervegi C, en suðurbrún bæjarhólsins er um 50 m frá veglínu. Hóllinn geymir ugglaut mikilvæga sögu um mannvist á þessum stað, þó undirstaða undir vindpoka fyrir flugvöllinn hafi hugsanlega raskað einhverju.  
*Mótvægisáðgerðir:* Verði þessi þvervegur lagður þyrfti að færa vegstæði um 50 til norðurs til þess að bæjarhóllinn yrði utan 100 m marka. Einnig er mikilvægt að

merkja bæjarhólinn vel svo hann verði ekki fyrir neinum skemmdum við framkvæmdir, og hugsanlega girða hann af. Ef sýnt þykir að hóllinn skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar um mótvægisadgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja og jafnvel heildaruppgröft.

- **Bakki - 163845-118-3: Þúst.** Um 50 m norður af þvervegi C er nokkuð stór grasbali/hóll sem hefur ekki blásið upp frekar en bæjarhóllinn [163845-118-2]. Hóllinn gæti bent til þess að á svæðinu hafi verið einhver hús. Ekki sjást neinar tóftir en nokkuð af misfellum er í hólnum.

**Mótvægisadgerðir:** Ef ekki er unnt að hnika veglínu til, verður að merkja svæðið. Ef sýnt þykir að svæðið skemmist við framkvæmdir verður að fá úrskurð Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisadgerðir sem gætu verið könnun á eðli og umfangi minja og jafnvel heildaruppgröft.

Farið var að fyrirhugðu námasvæði á Seljalandsheiði en engar minjar fundust á því svæði. Vitað er að sel var frá bænum Hamragörðum á Seljalands- eða Hamragarðaheiði, sem hætt var að nota löngu áður en sóknarlýsing Stóradalssóknar var skrifuð árið 1840.<sup>142</sup> Einnig bendir örnefnið sterklega til kynna að á heiðinni hafi verið selstaða. Ljóst er að bæta þarf veg að námunni vegna þeirra þungaflutninga sem þar eru fyrirsjáanlegir. Skýrslahöfundar hafa því eindregið ráðlagt að fornleifaskráning fari fram áður en ráðist verður í þær framkvæmdir og hefur ákvörðun verið tekin um að það verði gert.

Veglína C liggur um land sem tilheyrði bæjunum Brúnum og Tjörnum, sem fóru í eyði árið 1947. Ekkert hefur verið hróflað við bæjarstæðum þessara bæja ásamt þeim útihúsum, gördum og öðrum mannvirkjum sem þeim tilheyrðu. Að mati skýrsluhöfunda er afar mikilvægt að þess verði gætt við allar framkvæmdir á svæðinu að hrófla ekki við þessum minjum, sem eru ómetanlegar heimildir um búsetulandslag fram á miðja síðustu öld og segja langa sögu sem ekki má glatast. Í þessu sambandi má benda á að í kafla um Landeyjar segir Sveinn Pálsson meðal annars í *Ferðabók* sinni árið 1793: „Annars verður að viðurkenna það, að hvergi, þar sem ég hef farið, er jafn þokkalegt kringum bæina og í þessari sýslu, og er það til sóma, jafnt fyrir yfirvöld sem íbúana þar. Hér er á hverjum bæ húsagarður, sem er girðing kringum bæina, túngarður eða girðing um túnið, traðir eða vegur heim að bænum með garði báðum megin og enn fremur svo nefndar fjárborgir, sem eru fjárhús hlaðin úr torfi, án þess að í þeim sé nokkur spýta ...“<sup>143</sup>

Þarna minnst Sveinn á að ekki sé spýtu að finna í sumum mannvirkjum í Landeyjum. Einnig er vert að hafa í huga að erfitt hefur verið að finna grjót í hleðslur í sveitinni og því má ætla að margar byggingar hafi eingöngu verið hlaðnar úr torfi. Ummerki um slíka torfveggi, hvort sem það var í byggingum eða garðlögum, verða fyrir náttúruöflunum að bráð og sjást merki þeirra í skemmri tíma á yfirborði en þeirra mannvirkja sem einnig voru hlaðin úr grjóti. Dæmi um þetta eru mjög greinileg á þeim rústum sem hér voru skráðar, veggir og garðar eru vart nema ávalar bungur, sem stundum getur verið erfitt að bera kennsl á í landslaginu. Því er vel hugsanlegt að engin ummerki sjáist á yfirborðinu um minjar sem undir þeim geta leynst.

<sup>142</sup> Rangárvallasýsla. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968, bls. 61.

<sup>143</sup> Sveinn Pálsson. 1945, bls. 232.

## Niðurlag

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar sýnir að fornleifar eru innan 100 m marka frá öllum veglínunum þremur sem til athugunar voru, en hvorki við hafnarsvæði né þar sem gert er ráð fyrir grjótnámi á Seljalandsheiði.

### Veglína A

Fjórar minjar eru skráðar innan 100 m frá veglínu A. Þær eru í landi Hólma. Ein þeirra er bæjarhóll Hólma sem núverandi íbúðarhús stendur á og er því ekki í neinni hættu vegna veglagningar. Ekki er líklegt að hinar minjarnar séu heldur í bráðri hættu því þær eru staðsettar þar sem veglína A liggur á sama stað og núverandi vegur og því ólíklegt að breyting verði gerð á vegstæði nærri minjunum.

### Veglína B

Á stuttum kafla liggja veglínur A og B saman. Á því svæði eru fjórar minjar sem einnig eru skráðar með veglínu A hér að ofan. Veglínur A og B skiljast síðan að og eru þrjár minjar til viðbótar innan 100 m frá veglínu B. Þetta eru minjar í landi Bakka, og eru staðsettar um 80 m norður af veglínu. Þarna er um að ræða hól sem hugsanlega hefur verið hús á, fjárhústóft og leið. Einn möguleiki væri að hnika veglínu B um 30 m í suður og þar með væru minjar utan 100 m frá veglínu. Þar sem minjarnar eru í 80 m fjarlægð er einnig möguleiki að merkja og girða minjarnar af og forða þannig frá skemmdum vegna veglagningar.

### Veglína C

Veglína C er lengsta veglínan eða um 11 km. Á þeirri leið fundust nokkrar minjar, en aðeins 4 eru innan 100 m, garðlag utan um tún sem er í notkun og ólíklegt að verði skemmt við veglagningu og 3 hugsanlegir rústahólar. Með því að hnika veglínu til er hægt að koma í veg fyrir að hólar þessir séu innan 100 m markanna.

### Þvervegur á veglínu C

Líklega eru merkustu minjarnar innan 100 m frá þverleið C, en það er bæjarhóll Gamla-Bakka sem fór í eyði á 17. öld. Einnig er hugsanlega að hús hafi staðið á svæði þar nærri. Ef þvervegurinn er færður um nokkra tugi metra til norðurs yrðu minjarnar utan vegstæðis. Annars er nauðsynlegt að kanna eðli og umfang minja en ákvörðun um slíkar rannsóknir er í höndum Fornleifaverndar ríkisins.

Ekki lítur út fyrir að staðsetning minja komi í veg fyrir framkvæmdir. Með því að hnika veglínunum og merkja og girða af fornleifar ættu allar framkvæmdir að vera mögulegar sé tekið tillit til minjanna við framkvæmd verksins.

Það skal tekið fram að fornleifaskráning þessi er unnin eftir gögnum sem VSÓ Ráðgjöf lét í té í september 2007 og miðað er við þær staðsetningar á veglínunum og framkvæmdasvæðum sem þar koma fram. Verði einhverjar breytingar á veglínunum, hafnar- eða efnistökusvæði er nauðsynlegt að endurskoða fornleifaskráninguna með tilliti til breyttra forsendna.

Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt ekkert sjáist í þær ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

## Heimildaskrá

- Anna Vigfúsdóttir. 1977. Hólmabæir syðri. *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál*, 16, 3-18.
- Axel Þór Sveinbjörnsson, kt. 090772-4229. Munnleg heimild 2. október 2007.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. [1980]. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi*. [Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu, sem gefin var út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn 1913-1917. Reykjavík: Sögufélagið.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. [Reykjavík:] Orðabók Háskólans.
- Brynjúlfur Jónsson. 1902. Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901. *Árbók Hins íslenska fornleifafélag 1902*, 1-32.
- Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hólmahjáleiga, Rangárþing eystra*. Sótt 13. október 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1074905&landnr=163869&streetname=H%C3%B3lmahj%C3%A1leiga&sveitarfelag=Rang%C3%A1r%C3%B3ing%20eystra>.
- Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hólmar, Rangárþing eystra*. Sótt 13. október 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1074906&landnr=163870&streetname=H%C3%B3lmar&sveitarfelag=Rang%C3%A1r%C3%B3ing%20eystra>.
- Heimaslóð. Vestmannaeyjar. Engin dags. *Fjarskipti*. Sótt 29. september 2007 af <http://www.heimaslod.is/?title=Fjarskipti>.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
- Jón Einarsson, 010330-4599. Munnleg heimild 25. september 2007.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum* nr. 106/2000.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði og aðstoð Þjóðskjalasafns Íslands.
- Manntal á Íslandi 1816. II. hefti*. 1951. [Guðni Jónsson og Jóhann Gunnar Ólafsson sáu um útgáfuna.] Reykjavík: Ættfræðifélagið með styrk úr ríkissjóði.
- Manntal á Íslandi 1910. II Rangárvallasýsla og Vestmannaeyjar*. 1995. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Erfðafræðinefnd.
- Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. [1981]. Ljósprent af frumútgáfunni, sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1861. [Reykjavík:] Jarðabókaútgáfan.
- Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. 1968. [Reykjavík:] Rangæingafélagið í Reykjavík.

*Rangárþing eystra*. Engin dags. Sótt 27. september 2007 af [http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid\\_NR=160&E\\_NR=153&VS=1VS1ASP&VT=160](http://www.hvolsvollur.is/Template1.asp?Sid_NR=160&E_NR=153&VS=1VS1ASP&VT=160).

Símon Oddgeirsson, kt. 021227-2269. Munnleg heimild 3. október 2007.

*Sunnlenskar byggir IV. Rangárþing austan Eystri Rangár*. 1982. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Þórður Tómasson hafði umsjón með útgáfunni. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1771-1797*. Þýdd af Pálma Hannessyni, Steindóri Steindórssyni og Jóni Eypórssyni, sem jafnframt bjó til prentunar. Reykjavík: Snælandsútgáfan.

Valgeir Sigurðsson. 1999. *Landeyingabók. Austur-Landeyjar*. Viðbætur unnu Þorgils Jónasson, Ingólfur Sigurðsson og Ragnar Böðvarsson, sem jafnframt var ritstjóri. Gunnarshólma: Austur-Landeyjahreppur.

*Þjóðminjalög* nr. 107/2001.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

*Örnefnaskrá Bakka*. Engin dags. Þórður Loftsson skráði. Garðabæ: Örnefnastofnun.

# Fylgiskjöl